

STARFSSKÝRSLA 2018–2019

LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	3
Stjórn og starfsfólk	8
Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða	10
Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða 2018.....	11
Yfirlit yfir starfsemi LL frá aðalfundi 2018.....	13
Starfsnefndir Landssamtaka lífeyrissjóða	15
– Áhættunefnd	15
– Nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða	18
– Réttindanefnd	21
– Samskiptanefnd.....	27
– Fræðslunefnd	33
Staðan og framtíðarsýn á lífeyrismálin	40
Erlent samstarf	42
Fundir, ráðstefnur, námskeið og fleira	44
Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða	47
Ársreikningur 2018.....	47
– Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	48
– Áritun óháðs endurskoðanda	49
– Rekstrarreikningur	51
– Efnahagsreikningur	52
– Sjóðstreymisyfirlit	53
– Skýringar	54



Ávarp stjórnarformanns

Við sem störfum í lífeyrissjóðakerfinu látum stundum fara í finu taugarnar þegar okkur þykir sem einhverjir misskilji eða skilji alls ekki eitthvað í starfsemi lífeyrissjóðanna sem okkur finnst að þeir eigi bara að skilja!

Sjálf hef ég setið í stjórn lífeyrissjóðs í þrjú ár, verið í stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða í tvö ár og hið síðara sem formaður stjórnar. Ég er því reynslunni ríkari en viðurkenni fúslega að ég hafði ýmsar ranghugmyndir um til dæmis starfsemi Landssamtaka lífeyrissjóða áður en ég tók fyrst sæti í stjórn þeirra. Ég hafði líkt og aðrir landsmenn fylgst með málflutningi samtakanna og þótti hann ávallt góður og málefnalegur. Samtökin stóðu sig sérstaklega vel við að verja lífeyrissjóðina þegar fjármálakerfið hrundi 2008 og sjóðirnir töpuðu umtalsverðu fé.

Ég var ekki ein um það að halda að heill her sérfræðinga starfaði á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða að hagsmunamálum kerfisins en komst að því að það var nú aldeilis ekki svo. Starf þeirra er borið uppi af tveimur starfsmönnum og verkefnastjóra í íhlaupavinnu!

Það sem gerir hins vegar starfið einstakt er áhugi og vilji fólks í lífeyrissjóðunum til að koma líka að sameiginlegum hagsmunamálum sjóðanna. Í því sambandi má nefna að fimm fastanefndir starfa

á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða og í þeim er fólk á öllum aldri, reynsluboltar og nýliðar og allt þar á milli. Vel gengur að fá fólk með tilheyrandi sérfræðipækkingu og reynslu til að sinna einstökum verkefnum í þágu samtakanna og þessum liðsmönnum okkar ber að þakka fyrir vinnuframlag, áhuga og dugnað.

Í starfi Landsamtaka lífeyrissjóða er svo auðvelt að skynja hve margir vilja lífeyriskerfinu vel og leggja því lið. Sparnaður kynslóðanna til framtíðar er því tvímælaust í höndum fólks sem starfar í krafti þekkingar, reynslu og heilinda. Gott er til þess að vita.

Afnám hafta

Við sem höfum valist til starfa í forystusveitum lífeyrissjóða landsins sóttum það fast ár eftir ár og færðum fyrir því gild rök að fjármagnshöftin, sem sett voru eftir efnahagshrunið, yrðu afnumin. Það gerðist loksins 2017 og 2018 var því fyrsta heila almanaks- og starfsár lífeyrissjóðanna eftir að fjármagnshöftum var aflétt.

Nú er við hæfi að líta um öxl og spyrja: Breytti það miklu fyrir lífeyrissjóðakerfið að losna við höftin? Varð breytingin sjálfu samfélaginu til góðs eins og við héldum fram?

Svarið er eindregið JÁ við báðum spurningum. Það bætti verulega fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða

að aflétta fjármagnshöftum. Sjóðunum var gert mögulegt að flytja stærri hluta eigna sinna úr landi og dreifa þannig áhættu í starfsemi sinni. Það var mjög af hinu góða.

Umsvif á verðbréfamarkaði hér heima voru vissulega minni 2018 en hefði mátt ætla og skýrist aðallega af því hve mikið fjármagn var flutt úr landi sem ella hefði þurft að ávaxta hérlendis. Slík áhrif breytingarinnar voru í sjálfu sér eðlileg og komu ekki á óvart. Mestu máli skipti að með afnámi haftanna er lífeyrissjóðum gert auðveldara um vik að stýra áhættu sinni.

Núna í mars 2019 var svo innflutningshöftum fjármagns aflétt að fullu og það hefur líka sín áhrif. Áhugi erlendra fjárfesta á fjárfestingum á Íslandi vex greinilega sem kann að leiða til aukinna umsvifa í Kauphöllinni. Það hlýtur að vera jákvætt og jafngildir yfirlýsingu um stuðning við íslenskt fjármálakerfi og íslenskt samfélag að erlendir fjárfestar skyggjast hér um í auknum mæli eftir fjárfestingartækifærum.

Frjálst fjármagnsflæði er staðreynd á nýjan leik og er hið eðlilega umhverfi fyrir okkur að starfa í.

Samkeppnishæfni

Vert er að nefna líka samkeppnishæfni landsins í tengslum við lífeyrissjóðina. Samkeppnishæfni er ekki einkamál atvinnulífsins heldur varðar hún samfélagið í heild sinni og styður við velferð og aukin lífsgæði. Við eigum að leggja áherslu á

menntun, nýsköpun, starfsumhverfi og innviði til að byggja undir velferð í landinu. Ef þeir þættir eru í lagi er Ísland í lagi.

Velmegun þjóðarinnar hefur átt meginrætur sínar í auðlindum hennar en við það verður ekki búið um alla framtíð. Því er það að mínu mati forsenda fyrir áframhaldandi góðum lífskjörum að við byggjum hér upp hugvitsdrifinn iðnað í auknum mæli. Við þurfum að fjölga stöðum til að tryggja áfram traust og fjölbreytt atvinnulíf.

Ísland er nú í 26. sæti á lista Alþjóðabankans yfir samkeppnishæfustu ríkin í OECD en við höfum því miður þokast niður á þeim lista á undanföllum árum. Við það verður ekki unað, sér í lagi ef horft er til þess að norrænu grannríkin eru öll meðal tíu efstu.

Við verðum að ná betri stöðugleika í starfsumhverfinu þannig að það sé skilvirkt og hagkvæmt. Stöðugleiki kemur okkur öllum til góða, bæði heimilum og fyrirtækjum. Það þekkjum við vel sem störfum innan lífeyriskerfisins þar sem allt gengur út á stöðugleika, langtímaárangur og langtímasýn.

Tekjuskerðing

Víkur þá sögu að tekjuskerðingu í lífeyriskerfi landsmanna. Þar búa eldri borgarar og öryrkjar við óeðlilegar og óviðunandi aðstæður.

Stefán Halldórsson, verkefnastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, stýrði vinnu starfshóps sem bar

saman lífeyrissjóðakerfin á Íslandi, í Englandi, Hollandi, Svíþjóð og Danmörku. Niðurstaðan er eftirtektarverð og sláandi fyrir margra hluta sakir.

- Yfir 60% lífeyris hér koma úr lífeyrissjóðakerfinu en innan við 40% frá Tryggingastofnun. Svo hátt hlutfall greiðslna úr lífeyrissjóðum þekkist hvergi annars staðar.
- Tekjutenging lífeyris frá ríkinu er meiri og harkalegri en þekkist í nokkru grannríki okkar og þótt víðar væri leitað. Hvergi nema á Íslandi viðgengst það að lífeyrir úr opinbera kerfinu falli alveg niður ef tekjur úr lífeyrissjóðum fara yfir tiltekin mörk.

Færa má gild rök fyrir fullyrðingu um að ríkið tvískatti í raun lífeyristekjur, annars vegar hjá ríkisskattstjóra og hins vegar hjá Tryggingastofnun. Hvergi annars staðar á byggðu bóli dettur mönnum í hug að innheimta skatt af tekjum aldraðra og öryrkja og skattleggja sama hóp svo aftur í formi skerðingar!

Við þetta fyrirkomulag verður ekki unað. Það verður að draga úr þessari skerðingu svo um munar enda er hún ekki náttúruleg mál heldur pólitísk ákvörðun sem unnt er að breyta og þarf að breyta.

Ofarlega í huga er fréttaviðtal í RÚV á dögunum við konu sem hugðist nýta sér heimild til að greiða lífeyrissparnað sinn inn á húsnæðislán en hætti við þegar við blasti að hún myndi þá missa drjúgan hluta örorkulífeyris frá almannatryggingum.

Slíkum kerfisviðbrögðum má ábyggilega finna

stað í lögum og reglugerðum en þau birtast fólkinu hreinlega sem árás á mannréttindi og ég kalla þetta dæmi um svartan blett á starfsemi tryggingakerfis sem annars er öflugt og talið til fyrirmyndar á margan hátt.

Hagræðing


Lífeyrissjóðakerfið okkar er vel rekið, skilvirkt og hagkvæmt. Lífeyrissjóðir voru um árabíl allt of margir og veikburða en þeim hefur fækkað verulega, án þess að það hafi gerst með lagaboði eða þvingunum af einhverju tagi. Kerfið sjálft hefur leitað eftir því að hagræða í eigin ranni og ég tel að þar megi gera meira í sama dúr og verði gert.

Tíu stærstu lífeyrissjóðir landsmanna ávaxta hátt í 90% af eignum lífeyrissjóðakerfisins. Skráður er 21 lífeyrissjóður núna en nokkrir þeirra eru með sameiginlegt skrifstofuhald eða rekstrarsamning við banka. Sjóðunum mun fækka enn frekar og það er mjög af hinu góða.

Síðasta stórsameining af þessu tagi átti sér stað seint á árinu 2016 þegar Birta lífeyrissjóður varð til við sameiningu Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs. Eftir því var tekið hve vel og greiðlega sú sameining gekk og hún ætti að vera hvatning til forráðamanna víðar í kerfinu um að líta í kringum sig með sameiningar í huga.

Mér heyrst sem viðhorf almennings verði ekki misskilin. Oft og víða eru uppi kröfur um enn frekari hagræðingu í lífeyrissjóðakerfinu. Lífeyrissjóðum

FJÖLDI LÍFEYRISSJÓÐA 1980 TIL 2019



skuli fækkað og þeir verði enn færri, stærri og þar með öflugri.

Lífeyrissjóðakerfið sætir gagnrýni í opinberri umræðu og oft afar harkalegri og ómaklegri. Engu er líkara á stundum en að sumir taki það sem þjóðaríþrótt að rakka niður kerfið og finna því flest til foráttu. Ég tek til dæmis eftir því að hart hefur verið vegið að þessu kerfi okkar úr röðum verkalyðsforystunnar í landinu og það þykir mér miður. Heggur þar sá er hlífa skyldi.

Lífeyrissjóðakerfið er ekki gallalaust en við eigum að vinna sameiginlega með ábyrgum hætti að því að bæta kerfið og styrkja það í því hlutverki sínu að greiða sjóðfélögum lífeyri til framtíðar. Gleymum

því svo ekki að þegar fjármálakerfi landsins hrundi stóð lífeyrissjóðakerfið af sér hamfarirnar. Það bognaði en brotnaði ekki.

Lífeyrissjóðirnir fjármagna húsnæðislánakerfi landsmanna að miklu leyti beint og óbeint með íbúðabréfum og skuldabréfum sveitarfélaga. Í seinni tíð lána lífeyrissjóðir sjóðfélögum sínum beint til húsnæðiskaupa og endurfjármögnunar eldri lána sem bera óhagstæðari vexti.

Við skulum halda því líka til haga að sjóðirnir hafa átt stóran þátt í að auka samkeppni á lánamarkaði og stillt sér upp í forystu fyrir lækkun vaxta í landinu. Það er staðreynd en samt er hamrað á því að lífeyrissjóðakerfið vilji hafa vexti sem hæsta

og stuðli jafnvel að því að halda uppi vöxtum á fjármagnsmarkaði.

Slíkur málflutningur héti öfugmælavísur ef væri með stuðlum og höfuðstöfum.

Stjórnskipulag

Sumir verkalýðsforingjar og fleiri kalla eftir því að atvinnurekendur hverfi úr stjórnnum lífeyrissjóða þar sem slíkt fyrirkomulag er við lýði og á rætur að rekja til kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Ég hafna slíkum hugmyndum.

Lífeyrissjóðakerfið er beinlínis byggt upp í farsælu samstarfi heildarsamtaka launafólks og atvinnurekenda. Samstarfið er styrkur kerfisins og það varð til og hefur verið byggt upp af framsýni og gagnkvæmu trausti.

Stjórnskipulag lífeyrissjóðanna hefur verið til endurskoðunar og við þá vinnu er litið til þess hvernig tryggja megi enn frekar faglega og hlutlausu skipan stjórnarmanna lífeyrissjóða. Stjórnarmenn í lífeyrissjóðum starfa undir ströngu eftirliti og þeim er ljós sú grundvallarskylda að gæta hagsmuna skjólstæðinga sinna, réttinda sjóðfélaganna. Fulltrúar launafólks og atvinnurekenda í stjórnnum lífeyrissjóðanna standa þannig sameiginlega vörð um eignir og þar með réttindi sjóðfélaganna. Okkur ber skylda til að hlusta og laga lífeyrissjóðakerfið að samtímakröfum hverju sinni og sjá til þess að það þróist á farsælan hátt en staðni ekki.

Endurskoðun laga um lífeyrissjóði

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, greindi frá því í erindi á málþingi Fjármálaeftirlitsins á dögnum að í ráðuneyti sínu væri hafin vinna við endurskoðun heildarlöggjafar um lífeyrissjóði frá 1997. Markmiðið væri að „skapa starfsemi og réttindasöfnun lífeyrissjóða einfalda og heildstæða umgjörð.“

Enn fremur sagði ráðherra að lífeyrissjóðir hefðu sýnt styrk sinn í efnahagshruninu og við endurreisn eftir hrun. Umsvif sjóðanna vektu samt ýmsar spurningar, til að mynda um einsleitni fjárfestingarhópa, stjórnendatengsl og samkeppnisvanda. Endurskoðun laganna sé vandasöm, muni taka nokkurn tíma og heppilegt sé að áfangaskipta verkefninu.

Allt þetta má til sanns vegar færa en ég vil bæta við og leggja þunga áherslu á hugtökin samskipti og samvinnu í þessu samhengi.

Ég vænti þess að lífeyrissjóðalögin verði endurskoðuð í víðtæku samráði og geri ekki ráð fyrir öðru en að þannig verði unnið að málinu.

Lögin um lífeyrissjóði frá 1997 voru málamiðlun ólíkra sjónarmiða og ólíkrar sýnar á hvernig lífeyrisréttinda er aflað. Þau bera þess merki. Þar er sitthvað sem augljóslega er kominn tími á að yfirfara og lagfæra en upp úr stendur hvernig samspili greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða er háttað. Þannig er öðru

vísi farið með lífeyrisgreiðslur sem koma úr samtryggingu en úr séreign þó að réttindin séu áunnin af lágmarksiðgjaldi. Þessi mismunun skapar óánægju og gremju þeirra sem greiða alla skylduiðgjaldið í samtryggingu. Eðlilega.

Auðvitað er ekki sjálfsgætt að aðrar reglur gildi um tekjutengingar greiðslna almannatrygginga gagnvart greiðslum úr samtryggingu en séreignarréttindum!

Þannig ætti samspil greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða að vera efst á blaði við heildarendurskoðun á lífeyrissjóðakerfinu. Þar er af mörgu að taka. Eitt dæmið er að enn er í gildi bráðabirgðaákvæði frá árinu 2011 um samspil lífeyriskerfanna tveggja vegna greiðslna örorku-lífeyris. Ákvæðið hefur verið framlengt ár frá ári án þess að unnið sé að lausn til framtíðar. Löggjafinn okkar sér tæplega fyrir sér að bráðabirgðaákvæði laga gildi til frambúðar!

Tímamót

Verkefni lífeyrissjóðakerfisins eru af margvíslegum toga og bera þess merki að kerfið er mannanna verk sem komið var á með samstilltu átaki launamanna og atvinnurekenda fyrir fimmtíu árum. Þegar við nú minnumst þeirra tímamóta er jafnframt nauðsynlegt að stuðla að því að kerfið þróist og þroskist í takt til tímann og tíðarandann, að kerfið svari jafnan kalli í breytilegu samfélagi en staðni ekki.

Nú eru tímamót og rétt að að staldra við, líta til baka og spyrja: „Höfum við gengið til góðs götuna fram eftir veg?“ Mitt svar er JÁ, við höfum svo sannarlega gengið götuna til góðs. Mér er efst í huga þakklæti til alls þess víðsýna fólks sem lagði mikið á sig við að setja á laggir

heildstætt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn í anda samtryggingar.

Við eigum lífeyriskerfi sem flestar þjóðir öfunda okkur af. Gætum að því að halda áfram að byggja upp og efla kerfið en veikja það ekki, hvað þá rífa niður.

Ég þakka meðstjórnarmönnum mínum, starfsfólki Landssamtaka lífeyrissjóða, nefndarmönnum samtakanna og öllum öðrum sem tekið hafa þátt í starfseminni fyrir gott og farsælt samstarf á árinu 2018.

Guðrún Hafsteinsdóttir

Stjórn og starfsfólk

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða er skipuð níu aðalmönnum og þremur varamönnum. Kjörtímabil er þrjú ár og skal árlega kjósa þriðjung stjórnarmanna og einn varamann.

Starfandi uppstillingarnefnd gerir tillögur til aðalfundar um skipan stjórnar. Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar, skipaðir til þriggja ára; einn tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn frá samtökum starfsmanna ríkis og/eða sveitarfélaga, einn tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, einn frá launagreiðendum ríkis og/eða sveitarfélaga og einn frá þeim lífeyrissjóðum sem skilgreina hluta skylduiðgjalds í séreign. Í nefndinni sitja fyrir árin 2018–2021: Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir (ASÍ, tók við af Sigurði Bessasyni 2019), Magnús Már Guðmundsson (samtök starfsmanna ríkis og/eða sveitarfélaga, tók við af Helgu Jónsdóttur 2019), Arnar Sigurmundsson (SA), Guðrún Ögmundsdóttir (launagreiðendur ríkis og/eða sveitarfélaga) og Ásdís Eva Hannesdóttir (frá sjóðum sem skilgreina hluta skylduiðgjalds í séreign).

Samkvæmt samþykktum LL ber uppstillingarnefnd að hafa það að markmiði við tillögugerð sína að stjórnin endurspegli fjölbreytileika þeirra sjóða sem aðild eiga að landssamtökunum. Fulltrúar í stjórn eiga að vera af báðum kynjum og koma úr röðum ólíkra sjóða, frá höfuðborgarsvæðinu



Efri röð f.v.: Arnaldur Loftsson, Valmundur Valmundsson, Jakob Tryggvason, Halldóra Káradóttir, Erla Jónsdóttir og Ingibjörg Ólafsdóttir. Fremri röð f.v.: Gylfi Jónasson, Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður, og Haukur Hafsteinsson, varaformaður.

og landsbyggðinni, úr röðum framkvæmdastjóra lífeyrissjóða og stjórnarmanna, bæði fulltrúa launþega og atvinnurekenda. Tillögur nefndarinnar voru lagðar fyrir aðalfund LL sem haldinn var 29. maí 2018.

Þrír aðalmenn voru kjörnir í stjórn LL til

þriggja ára:

Arnaldur Loftsson

Halldóra Káradóttir

Valmundur Valmundsson

Aðalmaður til tveggja ára:

Jakob Tryggvason

Aðrir stjórnarmenn:

Erla Jónsdóttir

Guðrún Hafsteinsdóttir

Gylfi Jónasson

Ingibjörg Ólafsdóttir (tók við af Hörpu Ólafsdóttur 20. ágúst 2018)

Haukur Hafsteinsson

Varamaður til þriggja ára:

Sigurbjörn Sigurbjörnsson

Aðrir varamenn:

Erla Ósk Ásgeirsdóttir

Hulda Rós Rúriksdóttir

Harpa Ólafsdóttir lét af stjórnarstörfum fyrir LL að eigin ósk vegna breytinga á starfsvettvangi.

Var því haldinn aukaaðalfundur 20. ágúst og kom fram tillaga um að Ingibjörg Ólafsdóttir frá Gildi – lífeyrissjóði tæki sæti Hörpu í stjórninni sem átti eitt

ár eftir af skipunartíma sínum.

Ekki komu fram fleiri tillögur og var Ingibjörg sjálfkjörin fulltrúi í stjórn LL.

Milli stjórnarfunda eru reglulega haldnir fundir þar sem formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri LL undirbúa stjórnarfundi og fara yfir helstu mál sem í gangi eru hverju sinni.

Framkvæmdastjóri er Þórey S. Þórðardóttir. Aðrir starfsmenn eru Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, verkefnastjóri, og Stefán Halldórsson sem hefur um árabíl komið að ýmsum sérfræðistörfum fyrir samtökin.

LL hafa, líkt og undanfarin ár, unnið í góðu samstarfi við Greiðslustofu lífeyrissjóða sem annast ýmis almenn skrifstofustörf fyrir samtökin.



Þórey S. Þórðardóttir
framkvæmdastjóri LL



Rakel Fleckenstein
Björnsdóttir verkefnastjóri hjá LL



Stefán Halldórsson
sérfræðingur hjá LL

Starfsmenn Greiðslustofu lífeyrissjóða eru:


Matthildur Hermannsdóttir, framkvæmdastjóri, Jóhanna Ólafsdóttir og Sara Jóna Stefánsdóttir (Anna Sigurrós Steinarsdóttir hefur leyst Söru af á árinu vegna barneignarleyfis).

Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða


Í 4. gr. samþykktu LL er hlutverk samtakanna tilgreint sem hér segir:

- Gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga þeirra lífeyrissjóða sem aðild eiga að samtökunum.
- Vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum sem varða heildarhagsmuni þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiri háttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmuni aðildarsjóðanna.
- Hafa frumkvæði í almennri umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri ímynd þeirra.
- Vinna að útgáfu- og fræðslumálum lífeyrissjóða, svo sem með námskeiðum og fræðslufundum, skýrslugerð og annarri þjónustu við lífeyrissjóði og sjóðfélaga.
- Stuðla að hagræðingu og þróun í starfi aðildarsjóðanna.
- Fylgjast með þróun lífeyrismála erlendis og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi lífeyrissjóðasamtaka.
- Vinna að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði innan samtakanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna, enda standi slík starfsemi fjárhagslega undir sér og sé samrýmanleg markmiðum þeirra og tilgangi.

ÁRLEG ÞRÓUN HREINNAR EIGNAR TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS Í MILLJÖRÐUM KRÓNA



HLUTFALL ERLENDRA EIGNA



Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða 2018

Landssamtök lífeyrissjóða héldu aðalfund á Grand Hótel Reykjavík 29. maí 2018. Þorbjörn Guðmundsson, formaður samtakanna, setti fundinn. Kristbjörg Stephensen var kjörin fundarstjóri og Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, verkefnastjóri LL, var kjörin fundarritari.

Skýrsla stjórnar

Formaður fjallaði um starfsemi LL á starfsárinu 2017 og hér fylgir úrdráttur úr ræðu hans á aðalfundinum.

Mannauður, ímynd, umboð og umræða á Fésbókartímum

Afnám fjármagnshafta bar hæst af viðburðum á vettvangi lífeyrissjóða landsins á árinu 2017. Þá var afkoma lífeyrissjóða í heild góð 2017 og mun betri en á fyrra ári.

„Ætla má að hlutfall erlendra fjárfestinga lífeyrissjóða aukist tiltölulega hratt næstu árin og gjaldeyrisáhætta aukist með auknum erlendum eignum og óstöðugri íslenskri krónu,“ sagði Þorbjörn Guðmundsson, fráfarandi formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, enn fremur í ræðu sinni á aðalfundinum 2018. Hann vék líka að innri málum samtakanna og kvaðst hafa upplifað aftur og aftur að eftirfylgni skorti til að halda málum áfram, vinna með þau og ljúka þeim á einhvern hátt.

„Ég ætla ekki að stíga frá borði Landssamtaka lífeyrissjóða með þeim orðum að þau glími við tilvistarkreppu, miklu frekar vil ég tala um umboðsvanda landsamtakanna, skort á skýrum línunum um verkaskiptingu og umboð í kerfinu okkar.

Hvað á ég við?

Við ræddum fyrir nokkrum árum hugmyndir og viðbrögð við þeirri staðreynd að þjóðin eldist. Við lögðum fram hugmyndir um viðbrögð, meðal annars að hækka lífeyristökualdur í áföngum á löngu tímabili.

Þessar hugmyndir eru enn að velkjast um í kerfinu okkar án þess að málið hafi í raun verið rætt frekar og náð að þroskast.

Tilgreinda séreignin er enn eitt dæmið og gleymum svo ekki hálfa lífeyrinum, sem ég ætla að segja fáein orð um að gefnu tilefni.

Landssamtökunum og lífeyrissjóðunum, með öllum þeim sérfræðingum og reynsluboltum sem þar er að finna, var haldið algjörlega utan við útfærslu á hálfum lífeyri. Útkoman varð í samræmi við það og verður því miður ekki kallað annað en fáheyrð sleifarlag og klúður í opinberri stjórnsýslu. [...]

Ég er á þeirri skoðun að landssamtökin eigi að hafa skýrt og meðvitað umboð til að beita sér í svona málum fyrir hönd lífeyrissjóðakerfisins, fylgja þeim eftir og vinna með málin svo þau velkist ekki um í

kerfinu munaðarlaus jafnvel árum saman eins og dæmi eru um. Með þessu er ég ekki að segja að baklandið eigi ekki að hafa afskipti af lífeyriskerfinu heldur að hlutverkaskiptingin þurfi að vera skýrari og meiri samvinna milli aðila.“

Orðsporsáhætta og harkaleg þjóðmálaumræða

Þorbjörn fjallaði um þjóðmálaumræðuna og harkalegt orðfæri sem þar tíðkast gjarnan. Margt sem næri neikvæða umræðu um lífeyrissjóðakerfið eigi reyndar upptök í kerfinu sjálfu eða nálægt því, til dæmis fréttir um ofurlaun í fyrirtækjum eða einstakar fjárfestingar lífeyrissjóða.

Orðsporsáhætta í starfsemi lífeyrissjóða sé raunar vanmetin frekar en hitt. Vefir landssamtakanna og lífeyrissjóða, blaðagreinar og fjölmiðlaviðtöl dugi auðvitað ekki til að breyta útbreiddum viðhorfum þjóðar en ekki sé val um annað en að „róa áfram í erfiðu straumvatni og freista þess að styrkja trausta ímynd lífeyrissjóðakerfisins með því að stuðla að góðum stjórnarháttum, auknu gegnsæi, sýnileika og upplýsingamiðlun. Marktækar niðurstöður í nýlegri viðhorfsskönnun sýna að aukin upplýsingamiðlun um lífeyrissjóðina fær fólk til að treysta þeim betur en ella.“

Hann nefndi í framhaldinu lögbundna skerðingu eftirlauna almannatrygginga sem oftast er ekki væri eignuð lífeyrissjóðum, algjörlega óverðskuldað, og skaðaði þar með ímynd lífeyrissjóðakerfisins.

„Lífeyrissjóðakerfið situr að stórum hluta uppi með ímyndarskömmina af þessari jaðarskattheimtu sem er meiri á Íslandi en nokkurs staðar annars staðar í OECD.“

Miklar breytingar á 19 árum

Þorbjörn sagði undir lok ræðu sinnar að liðin væru 19 ár frá því hann tók fyrst sæti í stjórn lífeyrissjóðs og vísaði til breytinga í starfsemi og stjórnsýslu sjóðanna á tæplega tveimur áratugum.

„Stærsta breytingin er sú að allt regluverk sjóðanna er gjörbreytt og orðið mun flóknara en þegar ég kynntist því fyrst. Við höfum fengið nýjar reglur um fjárfestingarheimildir, siðareglur stjórnarmanna, reglur um fjárfestingar framkvæmdastjóra, innri endurskoðendur, endurskoðunarnefndir og ekki síst efnismiklar reglur um áhættustýringu og svo mætti lengi telja. Við höfum fengið hæfnismat fyrir stjórnarmenn og miklu virkara fjármálaeftirlit en áður var.“

Allt þetta er til góðs og margfalt meiri kröfur eru gerðar til starfs stjórnarmanns lífeyrissjóðs en áður var. Þetta nýja umhverfi gerir meiri kröfur til stjórnarmanna, kallar á meiri virkni, og skerpir meðvitund stjórnarmanna fyrir því sem þeim er trúað fyrir, verðmætustu eign fólks á lífsleiðinni, ávaxta þessar eignir og skila þeim síðar sem góðum lífeyri.“

Mannauður og framkoma á Fésbókartímum

„Eitt hið ánægjulegasta sem eftir situr í minningunni, nú þegar upp er staðið, er að fá að kynnast þeim mikla

mannauði sem lífeyrissjóðakerfið býr yfir. Við höfum ótal sérfræðinga og dugmikið og reynsluríkt fólk á öllum sviðum sem skilar frábæru starfi, leggur hart að sér og lætur gott af sér leiða daglega.“

Orðræðan er oft grimmt um menn og málefni og það langt, langt úr hófi fram. Mér sárnar mjög þegar starfsfólk lífeyrissjóðanna er gert að sérstöku skotmarki þeirra sem missa stjórn á tungu sinni á fundum eða fingrum á lykklaborði á Fésbókartímum. Það er bæði rangt og ósanngjarnt gagnvart fólki sem alltaf skilar verkum sínum af ósérhlífni og trúmennsku. Ég þakka öllu starfsfólki lífeyrissjóða og Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir samstarfið.“

Ársreikningur 2017

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, kynnti helstu niðurstöður ársreiknings 2017 og breytingar frá fyrra ári. Rekstrartekjur ársins voru 135 milljónir króna og rekstrargjöld 116 milljónir króna. Hagnaður af starfseminni varð 19 milljónir króna. Eigið fé LL var 98,7 milljónir króna í árslok 2017 og eigið fé og skuldir samtals 110,8 milljónir króna.

Ákvörðun þóknunar stjórnar og nefndarmanna

Tillaga um þóknun stjórnar var samþykkt samhljóða. Þóknun til hvers stjórnarmanns verður 88 þúsund krónur á mánuði, þóknun til varaformanns stjórnar 132 þúsund krónur á mánuði og þóknun til formanns stjórnar 176 þúsund krónur á mánuði. Þóknun til varamanna í stjórn verður 44 þúsund krónur fyrir hvern setinn fund.

Einnig var samþykkt samhljóða að formenn fastanefnda samtakanna fengju greidda þóknun sem þeir væru almennir stjórnarmenn, 88 þúsund krónur á mánuði.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2018

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætlun ársins 2018. Þar var rekstrarkostnaður áætlaður 149,4 milljónir króna, svipaður og árið áður, og haldið var áfram með aukna áherslu í fræðslu- og kynningarmálum.

Önnur mál

Þorbjörn Guðmundsson lét á árinu af stjórnarstörfum hjá Birtu lífeyrissjóði eftir áratuga farsælt starf og óskaði eftir því á fundinum að láta af stjórnarsetu í LL. Þorbjörn hafði gegnt formennsku í þrjú ár og átti eftir tvö ár af skipunartíma sínum.

Að hefðbundnum aðalfundarstörfum loknum kynnti Stefán Halldórsson nýja síðu á vefnum Lífeyrismál.is sem sýnir ávöxtunartölur séreigna-leiða sjóðanna og að lokum flutti Ari Skúlason, hagfræðingur hjá Landsbankanum hf., erindið „Lengra líf og samfélagið“.

Yfirlit yfir starfsemi LL frá aðalfundi 2018

Í beinu framhaldi af aðalfundi samtakanna 29. maí 2018 var haldinn fyrsti stjórnarfundur á starfsárinu þar sem stjórnin skipti með sér verkum. Guðrún Hafsteinsdóttir var kjörin formaður og Haukur Hafsteinsson varaformaður.

Afar fjölbreytt starfsemi fer fram á vegum landssamtakanna. Berast þeim margvísleg erindi og er til þeirra leitað eftir umsögnum og samráði um þau málefni sem eru til umfjöllunar á hverjum tíma. Samtökin koma fram í þeim málum sem varða lífeyrissjóðakerfið sem heild og annast því skil á umsögnum um margvísleg mál til þingnefnda, ráðuneyta og FME. Samtökunum berast jafnframt fyrirspurnir frá starfsfólki lífeyrissjóða og vefurinn Lífeyrismál.is er talsvert notaður fyrir almennar fyrirspurnir. Erindum sem berast er svarað af bestu getu af starfsmönnum LL eða viðkomandi leiðbeint með réttan farveg mála. Einnig berst fjöldi almennra fyrirspurna sem fær faglega úrlausn og afgreiðslu starfsfólks Greiðslustofu lífeyrissjóða.

Til að ná árangri er mikilvægt að móta skýra stefnu í vinnu samtakanna. Því ákvað stjórnin strax í kjölfar aðalfundar að setja niður helstu markmið og var ákveðið að halda vinnu- og stefnumótunarfund 21. ágúst. Fundinn sátu stjórn og starfsfólk LL. Framsögumenn á fundinum voru Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags



Frá vinnu- og stefnumótunarfundi stjórnar í Húsafelli. Gestir fundarins voru Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, sem fór yfir sýn sína á stöðu lífeyrissjóðakerfisins, og Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans, sem fjallaði um almannatengsl og ímynd lífeyrissjóðakerfisins.

Akraness, og Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans. Stefán Halldórsson stýrði umræðum. Niðurstöður fundarins voru hafðar til hliðsjónar við skipulagningu og móttöku stefnu LL fyrir starfsárið og var vinna fastanefnda mörkuð til samræmis.

Í samþykktum LL er gert ráð fyrir fimm fastanefndum sem stjórn skipar til eins árs í senn. Eins og fyrri ár eru verkefni einkum unnin í þessum nefndum eða sérstökum vinnuhópum sem falið er að annast ákveðin afmörkuð verkefni. Til starfa í nefndum og vinnuhópum veljast stjórnarmenn og starfsmenn lífeyrissjóða, auk þess sem leitað er til utanaðkomandi sérfræðinga.

Meðal helstu verkefna á starfsárinu má nefna auknar áherslur í samskiptamálum og aukna upplýsingagjöf, öflugra fræðslu í skólum og til almennings, áherslu á örugg gagnasamskipti, aukið gagnsæi og þróun á samspili lífeyriskerfisins við almannatryggingar.



Frá fundi með framkvæmdastjórum lífeyrissjóða 27. mars 2019. Gestur fundarins var Hrafn Magnússon, fyrrverandi framkvæmdastjóri LL.

Starfsnefndir Landssamtaka lífeyrissjóða

ÁHÆTTUNEFND



Efri röð f.v.: Ottó Hólm Reynisson, Sigurður Örn Karlsson, Guðmundur Stefán Steindórsson, Borghildur Jónsdóttir, Valgeir Geirsson, Halldór Emil Sigtryggsson, Hólmfríður Kristjánsdóttir, Þráinn Guðbjörnsson. Fremri röð f.v.: Magnús Helgason, Ingi Kristinn Pálsson, Agni Ásgeirsson, Rebekka Ólafsdóttir. Á myndina vantar Eyrúnu Einarsdóttur.

Áhættunefndin var formlega stofnuð í júní 2018 og tók við af áhættustýringarhópi sem hafði fundað u.þ.b. tvisvar á ári frá haustinu 2014. Nefndin hélt átta fundi á starfsárinu.

Hlutverk nefndarinnar

- Koma faglegum sjónarmiðum og hugmyndum

á framfæri í tengslum við breytingar á lögum og reglum er viðkoma eftirlitskerfum með áhættu lífeyrissjóða.

- Skipuleggja málstofur, námskeið og fræðslu.

Sérstök verkefni 2018–2019

- Fylgjast með reynslu af innleiðingu reglugerðar

590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.

- Rýna framkvæmd er viðkemur úttekt á tryggingarfræðilegri stöðu lífeyrissjóða.

Öllum sem sinna áhættueftirliti innan sjóðanna er velkomið að taka þátt í störfum nefndarinnar en þau fyrstu sem tóku sæti í henni voru:

Agni Ásgeirsson, formaður, LSR

Borghildur Jónsdóttir, Lífeyrissjóði bænda

Eyrún Einarsdóttir, Birtu lífeyrissjóði

Guðmundur Stefán Steindórsson, SL lífeyrissjóði

Halldór Emil Sigtryggsson, Lífeyrissjóði

bankamanna

Hólmfríður Kristjánsdóttir, Íslenska lífeyris-
sjóðnum og LTFÍ

Ingi Kristinn Pálsson, Brú lífeyrissjóði

Magnús Helgason, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Ottó Hólm Reynisson, Stapa lífeyrissjóði og LSA

Rebekka Ólafsdóttir, Gildi – lífeyrissjóði

Sigurður Örn Karlsson, Almenna lífeyrissjóðnum

(tók við af Ólafi Heimi Guðmundssyni)

Valgeir Geirsson, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA,

Lífeyrissjóði Rangæinga og LSBÍ

Þráinn Guðbjörnsson, Festu lífeyrissjóði

Úttekt á tryggingafræðilegri stöðu

Eitt af verkefnum nefndarinnar á árinu hefur

verið að rýna framkvæmd er viðkemur úttekt á



Frá fundi 28. febrúar þar sem Agni Ásgeirsson, forstöðumaður áhættustýringar hjá LSR og formaður áhættunefndar LL, flutti erindi sem bar yfirskriftina „Áhættustýring lífeyrissjóða – aðlögun að nýju regluverki“.

tryggingafræðilegri stöðu lífeyrissjóða. Í tengslum við þessa vinnu kom til skoðunar líkan sem Brú lífeyrissjóður hafði útbúið í samstarfi við sérfræðinga hjá HÍ sem reiknar tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða. Annar höfunda líkansins mætti á fund nefndarinnar og kynnti það og kom til skoðunar hvort og þá hvernig líkanið gæti reynst öðrum sjóðum.

Nefndin fékk tryggingastærðfræðingana Vigfús Ásgeirsson og Bjarna Guðmundsson á fund til sín

til að ræða þeirra sýn á hvernig áhættueftirliti með lífeyrisskuldbindingum verði best við komið. Til skoðunar er að halda námskeið fyrir áhættustjóra (og aðra sérfræðinga) sjóðanna um tryggingafræðilega útreikninga og greiningu á þeim.

Birting gagnsæistilkynninga

Beiting Fjármálaeftirlitsins á viðtækri heimild til að birta gagnsæistilkynningar hefur nokkuð verið rædd af nefndinni. Tilefnið var að nokkrir sjóðir

fengu athugasemdir frá eftirlitinu sem lutu að útlístu á áhættuvilja og áhættuþoli sjóðanna sem birtust sem gagnsæistilkynningar. LL leituðu eftir lögfræðilegri rýni á beitingu ákvæðisins og var Andri Árnason hrl. fenginn til verksins og skilaði hann ítarlegu minnisblaði um málið sem sent var Fjármálaeftirlitinu. Minnisblaðið kann að nýtast eftirlitinu þegar til þess kemur að það yfirfer gagnsæisstefnu sína.

Siðferðileg viðmið í fjárfestingum

Í lögum um lífeyrissjóði er lífeyrissjóðum gert skylt að setja sér siðferðileg viðmið í fjárfestingum. Nefndin hefur nokkuð rætt um hvernig eftirfylgni með því verði háttað.

Peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Nefndin fékk inn á borð til sín frá réttindanefndinni málefni sem tengjast nýrri löggjöf um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Lífeyrissjóðir þurfa að gera áhættumat til að bera kennsl á og meta áhættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

í starfsemi sinni. Því eru mikil samlegðaráhrif með störfum áhættustjóra og þess starfsmanns sem fer með eftirlit með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og í mörgum tilvikum er eftirlitið á sömu hendi. Málið verður því áfram til umræðu hjá nefndinni og þessi þáttur verður settur í vinnslu áhættuskrár þar sem mögulegar áhættur eru skráðar.

Áhrif lífskjarasamninganna á lífeyrissjóði

Nefndin ræddi möguleg áhrif Lífskjarasamninganna á lífeyrissjóði. Í tengslum við nýgerða „Lífskjara-

samninga“ lofaði ríkisstjórnin breytingum á verðtryggingu neytendalána. Nefndarmenn voru sammála um að fylgjast þyrfti vel með þeim tillögum og koma að athugasemdum ef þarf. Hættan fyrir sjóðina er sú að verði ekki sama vísitala notuð fyrir lífeyrisskuldbindingar og verðtryggð lán þá býr það til nýja áhættu sem hefur ekki verið til áður. Einnig er eitt af markmiðum samninganna að lækka vexti á Íslandi, en það mun gera sjóðunum erfiðara fyrir að ná ávöxtunarviðmiðum sínum.

NEFND UM FJÁRFESTINGARUMHVERFI LÍFEYRISSJÓÐA



Efri röð f.v.: Svandís Rún Ríkharðsdóttir, Elísabet Þórey Þórisdóttir, Davíð Rúdólfsson, Jón L. Árnason, Jón Otti Jónsson. Fremri röð f.v.: Tómas N. Möller, Helga Indriðadóttir, Ólafur Sigurðsson, Soffía Gunnarsdóttir. Á myndina vantar Björn Hjaltsted Gunnarsson, Harald Yngva Pétursson og Jóhann Steinar Jóhannsson.

Helstu verkefni

- Koma faglegum sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri er viðkoma breytingum á lögum og reglum er viðkoma fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða.
- Skipuleggja málstofur, námskeið og fræðslu.

Sérstök verkefni 2018–2019

- Koma tillögum og ábendingum á framfæri við fjármála- og efnahagsráðuneytið er viðkoma nauðsynlegum breytingum á reglugerð um form og efni fjárfestingarstefnu, úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða o.fl. og fylgja eftir innleiðingu á reglugerðinni.

- Skipuleggja fræðslu og/eða eftir atvikum málþing um ábyrgar fjárfestingar og góða stjórnarhætti.

Nefndarmenn:

Ólafur Sigurðsson, formaður, Birtu lífeyrissjóði
Björn Hjaltsted Gunnarsson, LSR
Davíð Rúdólfsson, Gildi – lífeyrissjóði
Elísabet Þórey Þórisdóttir, LSR
Haraldur Yngvi Pétursson, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga
Helga Indriðadóttir, Almenna lífeyrissjóðnum
Jóhann Steinar Jóhannsson, Stapa lífeyrissjóði
Jón L. Árnason, Lífsverki
Jón Otti Jónsson, SL lífeyrissjóði
Soffía Gunnarsdóttir, Birtu lífeyrissjóði
Svandís Rún Ríkharðsdóttir, Brú lífeyrissjóði
Tómas N. Möller, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða hélt tíu fundi á árinu. Eitt af stærstu verkefnum nefndarinnar undanfarin misseri hefur verið aðkoma að breytingum á lögum og reglum er varða fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða og tengd efni. Meðal þess sem var á borðum nefndarinnar á árinu var efnisleg umfjöllun um Hvítbók fjármála- og efnahagsráðherra um fjármálakerfið og gerð verklagsreglna, svo eitthvað sé nefnt.

Nefndin hefur reynst afar gagnlegur vettvangur til að ræða hin ýmsu mál sem komið hafa upp hjá sjóðunum. Má þar nefna ábendingar sem nokkrir lífeyrissjóðir fengu frá Fjármálaeftirlitinu um að gera þurfi úrbætur á nokkrum þáttum er snúa að

áhættuvilja og áhættuþoli og samspili áhættuþátta í viðleitni til að leggja mat á heildaráhættu lífeyrissjóða. Nokkur umræða var um túlkun FME á mótaðilaáhættu, c-lið 36. gr. laga nr. 129/1997, og var erindi beint til eftirlitsins þess efnis að það hugi að framkvæmd gildandi laga og meti hvort ekki sé fullt tilefni til að endurskoða túlkun ákvæðisins. Eftirlitið svaraði erindinu með bréfi þar sem afstaða eftirlitsins var áréttuð.

Reglugerð um form og efni fjárfestingarstefnu

Undanfarin misseri hefur eitt af stærstu verkefnum nefndarinnar verið að koma tillögum og ábendingum á framfæri við fjármála- og efnahagsráðuneytið er viðkoma nauðsynlegum breytingum á reglugerð um form og efni fjárfestingastefnu, o.s.frv. Hefur nefndin nú komið athugasemdum á framfæri og fylgt þeim eftir með fundi með sérfræðingum í ráðuneytinu en málið þokast því miður afar hægt.

Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið

Í kjölfar birtingar á Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið, sem unnin var af starfshópi sem skipaður var af fjármála- og efnahagsráðherra, var nefndinni falið að rýna þau atriði sem varða starfsumhverfi lífeyrissjóða. Hvítbókin var rædd nokkuð ítarlega á fundum nefndarinnar og ákveðið að koma á framfæri almennri umsögn í Samráðsgáttina. Þannig var í umsögninni lögð áhersla á það að tryggja þyrfti aðkomu fulltrúa lífeyrissjóða að hugsanlegum breytingum sem skýrslan kann að gefa tilefni til. Helstu punktar snúa

að skilvirkni markaða og að tryggt verði að ekki séu settar „sérreglur“ um lífeyrissjóði. Formaður nefndarinnar sýndi málinu mikinn áhuga og kynnti minnisblað um skilvirka fjármálamarkaði í tengslum við lífeyrissparnað á fundi stjórnar LL 29. apríl.

Beiting FME á gagnsæistilkynningum

Málefni er tengjast gagnsæistilkynningum FME voru rædd á fundum nefndarinnar en málið var jafnframt nokkuð rætt á fundum Áhættunefndar. Stjórn LL ákvað að leita eftir lögfræðilegri rýni á beitingu heimildarinnar og var minnisblað Andra Árnasonar hrl. sent FME til upplýsingar með það í huga að það kynni að geta nýst þegar eftirlitið endurskoðar stefnu sína.

Verklagsreglur

Unnið hefur verið að gerð verklagsreglna fyrir nefndina sem sameina verklagsreglur fyrir nefndina og samkeppnisstefnu. Þar er sér í lagi horft til góðra stjórnarháttanna þar sem leitast er við að greina mörk þess hvar sjóðirnir mega beita sér saman og hvar ekki.

Innviðafjárfestingar

Nokkur umræða hefur verið um það með hvaða hætti lífeyrissjóðir geti tekið þátt í innviða-fjárfestingum og hvort slíkar fjárfestingar geti verið hagkvæmar fyrir íslenskt samfélag. Er þar að ýmsu að huga og falaðist Lagastofnun Háskóla Íslands eftir samstarfi við LL vegna rannsókna sem Lagastofnun og Hagfræðistofnun HÍ ætla að standa að um PPP-fjárfestingar (Public-private

partnerships). Haldin var kynning á rannsókninni fyrir nefndina og töldu nefndarmenn afar gagnlegt að málið fengi ítarlega rýni. Í kjölfarið samþykkti stjórn LL að tilgreina samtökin sem samstarfsaðila í umsókn um styrk frá Tækniþróunarsjóði. Rannsóknin mun beinast að lagamma slíkra verkefna auk hagfræðilegra atriða.

Í lok janúar hélt Kvika banki hádegisverðarfund um horfur í fjárfestingum hins opinbera og fjármögnun innviðaframkvæmda. Á fundinum höfðu framsögu aðalhogfræðingur bankans, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og formaður nefndar um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða sem fulltrúi lífeyrissjóða.

Bakhópur hagtöluhóps

Bakhópur hagtöluhóps LL fundaði tvisvar á árinu en þar eiga sæti fulltrúar Tryggingastofnunar, Ríkisskattstjóra, Seðlabankans, Fjármálaeftirlitsins og Hagstofunnar. Tilgangurinn með fundunum er að tryggja að farið sé rétt með allt talnaefni og að auka tengslin milli stofnananna. Samstarfið auðveldar almennan aðgang að því talnaefni sem nú er til staðar og til umræðu er hugmynd um að koma á „vöruhúsi gagna“. Sjá nánar undir samskiptanefnd.

Ársfjórðungslegar upplýsingar um eignasöfn lífeyrissjóða

Fjármálaeftirlitið birtir nú ársfjórðungslega upplýsingar úr sundurliðun fjárfestinga lífeyrissparnaðar samtrygginga- og séreignadeilda. Upplýsingarnar

hafa verið birtar árlega fram að þessu sem hluti af útgáfu Fjármálaeftirlitsins á ársreikningabók lífeyrissjóða. Nokkrir sjóðir birta reglulega upplýsingar um fjárfestingar sínar á vefsíðum sjóðanna.

Orðasafn

Til skoðunar hefur verið að lífeyrissjóðir verði þátttakendur í Orðabanka Íslenskrar málstöðvar og komi sér þannig upp „eigin“ miðlægu orðasafni. Vinnuhópur LL fundaði í vetur með fulltrúum vinnu-

hóps á vegum IcelandSIF sem sér um að safna saman orðskýringum er varða ábyrgar fjárfestingar. Tveir orðskýringarhópar yrðu þannig að störfum, annars vegar hópur um „lífeyrismál“ og hins vegar hópur um „ábyrgar fjárfestingar“ en báðir myndu fá aðgang að vinnslusvæðum vefs orðabankans. Verkið er unnið í samstarfi við ritstjóra orðabankans, Ágústu Þorbergsdóttur. Fyrstu drög að orðasafni hafa verið send Árnastofnun sem hefur gefið grænt

ljós á útfærsluna og er því verkefnið tilbúið fyrir næsta áfanga. Haldinn verður stöðufundur með vinnuhópi IcelandSIF í haust.

Undirbúningshópin skipa:

Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, ritstjóri, LL
Gunnar Baldvinsson, Almenna lífeyrissjóðnum
Helga Sveinbjörnsdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum
Ólafur Sigurðsson, Birtu lífeyrissjóði
Þórhallur Jósepsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna.

RÉTTINDANEFND



Efri röð f.v.: Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, Rut Valgeirsdóttir, Sigfús Eysteinnsson, Árni Hrafn Gunnarsson. Fremri röð f.v.: Sigurður Kári Tryggvason, Þóra Jónsdóttir og Margrét Kristinsdóttir. Á myndina vantar: Einar Ingimundarson, Hauk Jónsson, Jónu Finndís Jónsdóttir, Kristján Geir Pétursson, Ólaf K. Ólafs og Sigríði Ómarsdóttir.

Helstu verkefni

- Yfirfara og hafa frumkvæði að breytingum á lögum og reglum um tryggingafræðileg uppgjör og réttindabreytingar.
- Beita sér fyrir stefnumörkun um framtíðarskipan lífeyrisgreiðslna og verkaskiptingu lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar ríkisins.

- Huga að samræmdum reglum og vinnulagi milli lífeyrissjóða þar sem þess gerist þörf, s.s. með setningu leiðbeinandi reglna.

Sérstök verkefni 2018–2019

- Beita sér varðandi mótun á framtíðarskipan á samspili greiðslna almannatrygginga og

lífeyrissjóða, bæði varðandi tekjutengingar elli- lífeyris og víxlverkanir á greiðslum örorkulífeyris.

- Fylgjast með þeim þáttum sem áhrif hafa á tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða, s.s. örorkulíkum og breytingum á lífslíkum.
- Ljúka vinnu við samningu nýrra draga að uppfærðu Samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða. Ber þar að leggja áherslu á samræmingu og einföldun þeirra þátta sem snúa að sameiginlegri meðhöndlun mála.
- Fylgja eftir öllum þeim þáttum sem varða nýjar persónuverndarkröfur og leggja drög að leiðbeinandi persónuverndarstefnu fyrir lífeyrissjóði. Lögð skal áhersla á að yfirfara allar sameiginlegar afgreiðslur og vinnslur, s.s. er varða gagnasamskipti, notkun á Nafnaskrá lífeyrissjóða og virkni á Lífeyrisgáttinni. Í þessu sambandi skal huga að þörf fyrir samninga milli aðila þar sem þeir kunna að vera sameiginlegir vinnsluaðilar.

Nefndarmenn:

Þóra Jónsdóttir, formaður, Brú lífeyrissjóði
Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi – lífeyrissjóði
Einar Ingimundarson, Stapa lífeyrissjóði
Haukur Jónsson, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja
Jóna Finndís Jónsdóttir, Stapa lífeyrissjóði
Kristján Geir Pétursson, Birtu lífeyrissjóði
Margrét Kristinsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Ólafur K. Ólafs, Lífeyrissjóði bænda
Rut Valgeirsdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA,
LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga
Sigfús Eysteinnsson, Festu lífeyrissjóði

Sigríður Ómarsdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum
Sigurður Kári Tryggvason, Almenna lífeyrissjóðnum
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR

Réttindanefnd hefur á árinu haft mörg og fjölbreytt mál til umfjöllunar. Málafni er lúta að nýrri og breyttri persónuverndarlöggjöf hafa verið fyrirferðarmikil sem og auknar áherslur á stafræna upplýsingamiðlun. Hálfur lífeyrir almannatrygginga og lífeyrissjóða hefur komið inn á borð nefndarinnar og vinna við heildarendurskoðun á Samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða er enn í gangi. Unnið er að rýni á reglum og verklagi í tengslum við tekjueftirlit örorkulífeyrisgreiðslna sem og við skiptingu ellilífeyrisréttinda milli sjóðfélaga og maka. Á árinu var hafin að nýju athugun á því að koma á laggirnar sérstakri úrskurðarnefnd um lífeyrisréttindi og Lífeyrisgáttin II er í burðarliðnum.

Þar sem verkefni hafa verið ærin á árinu hafa nokkrir undirhópar verið settir á laggirnar. Nefndin hélt níu fundi á árinu, auk fjölda funda í starfandi undirhópum nefndarinnar.

Hér verða nefnd helstu verkefni á vegum nefndarinnar:

Ný persónuverndarlöggjöf

Strax haustið 2017 var settur á laggirnar hópur til að rýna þá þætti í starfsemi lífeyrissjóða sem ný persónuverndarlöggjöf myndi hafa áhrif á. Verkefnið hefur verið ærið og hefur hópurinn fundað reglulega og haldið nokkrar kynningar,



Persónuverndarhópur: F.v.: Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, Þór Egilsson, Sigurður Kári Tryggvason, Fanny Ósk Mellbin og Rebekka Ólafsdóttir.

nú síðast fyrir persónuverndarfulltrúa allra sjóða þar sem farið var yfir stöðuna og verkefni framundan. Hópurinn hefur unnið að formi fyrir vinnslusamninga milli sjóða og samstarfsaðila þar sem þess gerist þörf og verið sjóðunum innan handar í þeim efnum.

Hópin skipa:

Sigurður Kári Tryggvason, Almenna lífeyrissjóðnum
Ásgrímur Skarphéðinsson, LSR
Einar Ingimundarson, Stapa lífeyrissjóði

Fanny Ósk Mellbin, Brú lífeyrissjóði
Helgi Einarsson, Fuglum
Margrét Lilja Magnúsdóttir, Inít
Rebekka Ólafsdóttir, Gildi – lífeyrissjóði
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR
Þór Egilsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Örugg gagnasamskipti – stafræn upplýsingamiðlun

Á árinu hefur verið unnið að því að leita leiða til að bæta aðgengi sjóðfélaga að upplýsingum og enn fremur að tryggja og bæta upplýsingaflæði innbyrðis

milli lífeyrissjóða og í samskiptum þeirra við TR og RSK. Í tengslum við þessa vinnu og endurskoðun á Samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða hefur verið unnið að því að rýna þá þætti sem þurfa að vera í umsóknareyðublöðum um örorkulífeyri og yfirfara það umboð sem sjóðfélagar veita sjóðunum til nauðsynlegrar gagnaöflunar. Hér hefur einnig reynt á nýjar kröfur er tengjast persónuverndarlöggjöfni og innbyrðis öryggi í gagnasamskiptum svo sem í tengslum við tekjuupplýsingar frá RSK við tekjueftirlit vegna örorkulífeyrisgreiðslna.

Hópur hefur verið að störfum til að rýna verklag og tæknilegar útfærslur.

Hópin skipta:

Ásgrímur Skarphéðinsson, LSR
Haraldur Arason, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Matthildur Hermannsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða
Ólafur H. Nielsen, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Sverrir Már Viðarsson, Inít
Þóra Jónsdóttir, Brú lífeyrissjóði

Sem stendur er notast við Signet Transfer kerfi Advania sem gerir allar gagnasendingar milli sjóða öruggari. Sama kerfi er notað fyrir gagnasendingar milli lífeyrissjóða og TR. Til skoðunar er að koma upp sérstakri vefgátt milli lífeyrissjóða og TR og voru nokkrir fundir haldnir á árinu vegna þess verkefnis. Sérstakur hópur hefur verið að störfum um ferla og umgengnisreglur í tengslum við Signet transfer og skipa þann hópur:

Jenný Ýr Jóhannsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Kristíanna Jessen, LSR
María Garðarsdóttir, Brú lífeyrissjóði
Sara J. Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða

Samningur um aðgang að tekjuupplýsingum RSK

Til að fylgja eftir virku tekjueftirliti vegna greiðslna á örorkulífeyri er nauðsynlegt að hafa aðgang að tekjuupplýsingum frá RSK. Á vegum LL er unnið að því að yfirfara þá samninga sem sjóðirnir hafa gert við RSK. Mikilvægt er að huga að öryggi gagnasendinga og þar ber að líta til persónuverndarkrafna og tryggja að umboð það sem sjóðfélagar veita sé skýrt.

Sérstakur hópur hefur starfað í tengslum við tekjueftirlit og hefur hann meðal annars rýnt hvernig tekjueftirliti er háttað hjá sjóðunum.

Hópin skipta:

Einar Ingimundarson, Stapa lífeyrissjóði,
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR
Margrét Kristinsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Jóna Finndís Jónsdóttir, Stapa lífeyrissjóði

Örorkuumsóknir

Á árinu var unnið að gerð sameiginlegs umsóknareyðublaðs um örorkulífeyri. Mikilvægt er að sjóðfélagar séu meðvitaðir um hvaða umboð þeir veita og hvernig farið er með þær upplýsingar í samskiptum milli lífeyrissjóða innbyrðis, til RSK, TR og VIRK.

Vinnuhópur er að störfum en hann skipa:

Sigprúður Jónasdóttir, formaður, Birtu lífeyrissjóði
Ástey Gunnarsdóttir, LSR
Guðbjörg Rúnarsdóttir, Brú lífeyrissjóði
Jóney Gylfadóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Matthildur Hermannsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða

Skipting ellilífeyrisréttinda

Áhugi sjóðfélaga á því að skipta ellilífeyrisréttindum milli sín og maka hefur aukist mikið undanfarið. Úrræðið hefur fengið mikla athygli fjölmiðla og skapast umræða um það á netmiðlum. Má segja að einhvers konar bylgja hafi farið af stað og margar fyrirspurnir sem tengjast skiptingu ellilífeyrisréttinda borist LL og sjóðunum. Á vegum réttindanefndar var ákveðið að hefja vinnu við að endurskoða allt verkferlið við skiptingu ellilífeyrisréttinda og er jafnframt unnið að uppfærslu á samningseyðublöðum, læknisvottorði og fleiru.

Skipting þegar áunninna réttinda á ekki að hafa áhrif á heildarskuldbindingu sjóðanna en þar skiptir kynferði sjóðfélaga máli. Nokkur gagnrýni er á að kynferði skipti máli við slíka samninga og var ákveðið að leita til Lagastofnunar Háskóla Íslands með að rýna málið. Álitsgerð hennar liggur ekki enn fyrir.

Hópin skipta:

Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi – lífeyrissjóði
Einar Ingimundarson, Stapa lífeyrissjóði
Sigurður Kári Tryggvason, Almenna lífeyrissjóðnum

Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR
Þórey S. Þórðardóttir, LL

Hálfur lífeyrir

Í upphafi árs 2018 tók gildi breyting á almannatryggingalöggjöfinni þar sem heimilt er að taka hálfan lífeyri frá almannatryggingum. Heimildin er háð því að samtímis sé hafin taka á hálfum lífeyri frá lífeyrissjóðum og gengust sjóðirnir í að breyta samþykktum sínum til að koma til móts við sjóðfélaga sína sem hug hefðu á að taka hálfan lífeyri. Úrræðið hefur fengið nokkra gagnrýni þar sem það er háð því að sjóðfélagar eigi ákveðin lágmarksréttindi í lífeyrissjóðum til að eiga þess kost að hefja töku á hálfum lífeyri almannatrygginga. Er nú unnið að því í félagsmálaráðuneytinu að leggja drög að frumvarpi sem á að hafa það að markmiði að sniða af þessa vankanta. Réttindanefnd hefur verið upplýst um framgang málsins og hafa nokkrir fundir verið haldnir í ráðuneytinu.

Hugmyndir er tengjast kjarasamningsgerð um breytingar á réttindakafli lífeyrissjóðslaga og samspili við greiðslur almannatrygginga

ASÍ kynnti á fundi með framkvæmdastjóra LL og framkvæmdastjórum nokkurra þeirra sjóða sem eru á samningssviði SA og ASÍ hugmyndir um breytingar á lífeyrissjóðalöggjöfinni sem tengdust kjarasamningsgerð. Réttindanefndin tók málið fyrir og var ákveðið að setja á laggirnar vinnuhóp með fulltrúum sjóða með ólíka réttindauppbyggingu til að rýna kosti og galla tillagnanna.

Í hópnum sátu:

Sigríður Ómarsdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum
Jóna Finndís Jónsdóttir, Stapa lífeyrissjóði
Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi – lífeyrissjóði
Kristján Geir Pétursson, Birtu lífeyrissjóði
Rut Valgeirsdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA,
LSBÍ og lífeyrissjóði Rangæinga
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR

Hópurinn skilaði minnisblaði dags. 29. janúar 2019 sem kynnt var á stjórnarfundum LL sama dag. Í kjölfarið var minnisblaðið sent í nafni samtakanna til fulltrúa Lífeyrisnefndar ASÍ.

Samkomulag um samskipti lífeyrissjóða

Heildstæð endurskoðun á Samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða er í vinnslu og er þetta í fyrsta skipti sem samkomulagið er endurskoðað í heild sinni. Mörg þeirra mála sem hafa verið á borðum nefndarinnar á árinu falla undir samkomulagið og hefur endurskoðunin því verið unnin samhliða.

Í vinnuhópi um endurskoðun samkomulagsins sitja:

Þóra Jónsdóttir, formaður, Brú lífeyrissjóði
Anna Björk Sigurðardóttir, LSR
Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi – lífeyrissjóði
Einar Ingimundarson, Stapa lífeyrissjóði
Margrét Kristinsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Matthildur Hermannsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða
Sigurður Kári Tryggvason, Almenna lífeyrissjóðnum
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR

Sigbrúður Jónasdóttir, Birtu lífeyrissjóði
Örn Guðnason, Gildi – lífeyrissjóði

Samkvæmt 10. gr. núgildandi samkomulags er kveðið á um skipun úrskurðar- og umsagnarnefndar sem hefur það hlutverk að fjalla um mál er varða framkvæmd samkomulagsins. Landsamtök lífeyrissjóða skipa nefndarmenn sem eru þrír ásamt þremur mönnum til vara til fjögurra ára í senn.

Nefndin var endurskipuð þann 28. júní 2016 til fjögurra ára.

Hana skipa:

Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, formaður, LSR
Margrét Kristinsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Örn Guðnason, Gildi – lífeyrissjóði
Varamenn:
Sigurbjörn Sigurbjörnsson, SL lífeyrissjóði
Sigbrúður Jónasdóttir, Birtu lífeyrissjóði
Matthildur Hermannsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða

Nýjar töflur um örorku- og endurhæfingarlíkur

Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga kynnti í ársbyrjun nýjar örorku- og endurhæfingarlíkur sem félagið hefur unnið að. Um er að ræða nýjan reiknigrundvöll sem félagið hefur beint til fjármála- og efnahagsráðuneytisins að nota við útreikninga á tryggingafræðilegum athugunum lífeyrissjóða. Grunnurinn innifelur örorku- og endurhæfingarlíkur, auk lífslíkna fyrir sjóðsfélaga lífeyrissjóða sem byggja á reynslu árána 2010–2016.

Lífeyrisgáttin II

Lífeyrisgáttin var opnuð árið 2013 og hefur reynst afar vel. Gáttin gerir fólki kleift að fá heildaryfirlit yfir réttindi sín í samtryggingu hjá lífeyrissjóðunum. Á árinu hefur verið unnið að uppfærslu á gáttinni, Lífeyrisgáttinni II, en markmiðið er að gera allar upplýsingar sem varða réttindi sjóðfélaga eins aðgengilegar og mögulegt er. Tveir vinnuhópur hafa verið að störfum, annars vegar tæknihópur og hins vegar „kröfuhópur“ og hefur kröfunum verið skipt upp í þrjá fasa:

1. Lífeyrisgáttin – uppfærsla fyrir aðgang einstaklinga
2. Tenging Lífeyrisgáttar inn í rafrænar umsóknir (RSK)
3. Upplýsingaskipti milli sjóða og sjóða og TR

Sjóðfélagayfirlit og Ísland.is

Þess er ekki langt að biðja að útsendingar sjóðfélagayfirlita á pappír heyrri sögunni til. Málið hefur lengi verið til skoðunar hjá sjóðunum en útsendingin með almennum bréfpósti er bæði kostnaðarsöm og óumhverfisvæn. Nú virðist glitta í hentuga lausn en vefgáttin Ísland.is virðist mögulegur vettvangur og er málið í skoðun með stjórnvöldum. Haldinn var sérstakur kynningarfundur fyrir framkvæmdastjóra sjóðanna þar sem Bragi L. Hauksson, sem fer fyrir gáttinni hjá Þjóðskrá, fór yfir möguleikana á að birta upplýsingar í pósthólfinu Ísland.is.

Fyrir liggur að breyta þarf lögum til að heimilt verði að taka upp rafrænar sendingar sjóðfélagayfirlita og hafa

fulltrúar hópsins komið því á framfæri við ráðuneytið.

Yfirlitshópin skipa:

Arnaldur Loftsson, Frjálsa lífeyrissjóðnum
Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi – lífeyrissjóði
Sigurbjörn Sigurbjörnsson, SL lífeyrissjóði
Þórey S. Þórðardóttir, LL

Birting yfirlita með rafrænum hætti kallar á tækni-breytingar og hafa tæknimenn sjóðanna rýnt málið. Í tengslum við þessa vinnu hafa nú mótast samskipti við fulltrúa stjórnvalda í tengslum við „Rafrænt Ísland“. Þykir mikilvægt að fylgjast vel með þeirri vinnu en þar glittir í ýmsar lausnir s.s. í tengslum við örugg gagnasamskipti, sbr. það sem áður hefur verið sagt.

Ný heildarlög um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Nefndin hafði til umfjöllunar ný heildarlög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem tóku gildi 1. janúar. Lögin fela í sér ýmsar breytingar frá fyrri lögum og var hluti þess hóps, sem áður hafði komið saman til að vinna leiðbeinandi reglur árið 2013 í samræmi við eldri lög um peningaþvætti, fenginn til að rýna lögin út frá lífeyrissjóðunum.

Hópin skipa:

Þóra Jónsdóttir, formaður réttindanefndar, Brú lífeyrissjóði
Sigríður Ómarsdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum
Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi – lífeyrissjóði

Magnús Helgason, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Einar Már Birgisson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Berglind Guðmundsdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum,
EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga

Þar sem málið tengist verulega innri eftirlitsstarfsemi lífeyrissjóða var það tekið upp á fundi áhættunefndar.

Úrskurðarnefnd um lífeyrisréttindi

Á vegum LL hefur verið til skoðunar að setja á laggirnar úrskurðarnefnd til hagsbóta fyrir sjóðfélaga sem óska eftir endurskoðun á málum sem fengið hafa afgreiðslu lífeyrissjóða. Væri einkum um að ræða örorkumál þar sem sjóðfélagar hafa nú eingöngu þann kost að óska eftir gerðardómi eða leita til almennra dómstóla sem er bæði tímafrekt og kostnaðarsamt. Nú hafa stjórnvöld sett á laggirnar nefnd sem hefur það hlutverk m.a. að fjalla um stöðu úrskurðarnefnda um viðskipti við fjármálafyrirtæki en lífeyrissjóðirnir falla þar undir sem lánveitendur. Lífeyrissjóðir eiga fulltrúa í þeirri vinnu og var Sigurður Kári Tryggvason tilnefndur sem fulltrúi LL.

Settur hefur verið á laggirnar hópur til að fjalla um álitafnið og koma með tillögu að umgjörð úrskurðarnefndar um lífeyrismál.

Hópin skipa:

Sigurður Kári Tryggvason, Almenna lífeyrissjóðnum
Fanny Ósk Mellbin, Brú lífeyrissjóði
Kristján Geir Pétursson, Birtu lífeyrissjóði

Lífeyrissjóðir og VIRK

Fulltrúaráð

Stjórnarmenn LL eru í fulltrúaráði VIRK og skipar stjórn LL einn aðalmann í stjórn VIRK og einn til vara. Aðalmaður LL er framkvæmdastjóri LL, Þórey S. Þórðardóttir, og Sigurbjörn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri SL lífeyrissjóðs, til vara.

Þróunarráð

Þróunarráð VIRK hefur það hlutverk að stuðla að sameiginlegu verklagi lífeyrissjóðanna og VIRK. Kristján Geir Pétursson og/eða Sigbrúður Jónsdóttir frá Birtu lífeyrissjóði sitja fundi ráðsins. Framkvæmdastjóri LL hefur jafnframt lagt áherslu á að hafa aðkomu að starfi þróunarráðsins.

Ljóst er að mikilvægt verður að huga að hlutverki VIRK þegar kemur að mótun á nýju framfærslukerfi og sveigjanlegum störfum sem unnið er að í félagsmálaráðuneytinu, sbr. það sem fram kemur hér að framan.

FRÁ KYNNINGU FÍT Á NÝJUM LÍFSLÍKNATÖFLUM 29. NÓVEMBER.



Haldóra Káradóttir, Guðrún Hafsteinsdóttir og Vigfús Ásgeirsson.



Jón L. Árnason, Bjarney Sigurðardóttir, Örn Guðnason, Snædís Ögn Flosadóttir, Þórey S. Þórðardóttir, Arnaldur Loftsson, Sigríður Ómarsdóttir, Gylfi Jónasson og Ólafur K. Ólafsson.

SAMSKIPTANEFND

Helstu verkefni

- Móta stefnu í sameiginlegum kynningarmálum um lífeyrissjóðina.
- Annast samskipti við fjölmiðla og fjölmiðlavöktun.

Sérstök verkefni 2018–2019

- Fylgjast með og styðja við vinnu greinaskrifateymis.
- Efla skipuleg almannatengsl á vegum LL.
- Semja áætlun um samskipta- og kynningarmál samtakanna 2018–2019.

Nefndarmenn:

Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Aðalbjörn Sigurðsson, Gildi – lífeyrissjóði

Árni Guðmundsson, Gildi – lífeyrissjóði

Erla Jónsdóttir, Stapa lífeyrissjóði

Gunnar Baldvinsson, Almenna lífeyrissjóðnum

Halldóra Káradóttir, Brú lífeyrissjóði

Haukur Hafsteinsson, LSR

Svanhildur Sigurðardóttir, Lífsverki

Þórey S. Þórðardóttir, LL

Þórhallur Jóseppson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, starfsmaður LL, starfaði með nefndinni.

Samskiptanefndin vinnur þvert á aðrar nefndir.

Á vegum nefndarinnar eru dagleg málefni sjóðanna rædd og fulltrúar fjölmiðla upplýstir um þau

viðfangsefni sem rétt er að koma til almennings. Nefndin kemur einnig að undirbúningi og skipulagningu verkefna í samstarfi við aðrar nefndir. Nefndin hélt tíu fundi á árinu.

Nefndin nýtir sér viðbragðsáætlun gagnvart fjölmiðlum til að vera fljótari að bregðast við

þjóðfélagsumræðunni og kemur áætlunin einnig að góðum notum til að skerpa á verkaskiptingu LL og sjóðanna þegar kemur að fjölmiðlum. Nefndin nýtir sér einnig svokallað umræðuborð þar sem haldið er utan um þau málefni sem efst eru á baugi hverju sinni. Umræðuborðið auðveldar LL og sjóðunum að sýna frumkvæði og leggja þannig sitt af mörkum til að umræðan verði uppbyggileg og til gagns.



Efri röð f.v.: Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, Svanhildur Sigurðardóttir, Árni Guðmundsson, Þórhallur Jóseppson, Halldóra Káradóttir, Erla Jónsdóttir, Gunnar Baldvinsson. **Fremri röð f.v.:** Aðalbjörn Sigurðsson, Þórey S. Þórðardóttir, Guðrún Hafsteinsdóttir, Haukur Hafsteinsson.

Vefurinn Lífeyrismál.is

LL halda úti vefsíðunni Lífeyrismál.is og þar er leitast við að varpa ljósi á lífeyrismálin í viðum skilningi. Vefurinn er lifandi vefur þar sem birtur er ýmis fróðleikur, fréttir og áhugaverðar greinar eða viðtöl við fólk í leik og starfi. Vefurinn er einnig aðgengilegur á ensku og pólsku og er þar sérstök áhersla á „Spurt & svarað“ þar sem leitast er við að svara þeim spurningum sem oftast brenna á sjóðfélögum. Fjöldi fyrirspurna um ýmislegt sem tengist lífeyrismálum berst frá lesendum vefsins og sjá starfsmenn LL um að svara þeim. Sjóðirnir hafa síðan allir gagnlegar vefsíður og eru margir hverjir farnir að nýta sér samfélagsmiðlana, sérstaklega Facebook.

Mánaðarpóstur LL

LL miðla upplýsingum á rafrænan hátt um það sem er að gerast hverju sinni í starfsemi samtakanna með Mánaðarpósti LL. Pósturinn er sendur starfsmönnum og stjórnarmönnum lífeyrissjóða, alls um 450 manns. 14 póstar voru sendir á árinu. Í Mánaðarpósti LL er sagt frá því sem fram undan er í starfi samtakanna, s.s. fundum, ráðstefnum og málþingum, og frá því helsta sem varðar störf LL inn á við og varðar starfsmenn og stjórnarmenn sjóðanna.

Fréttabréf Lífeyrismála.is

Frá vefnum Lífeyrismál.is er reglulega sent út fréttabréf sem berst rúmlega 1300 viðtakendum. Þetta eru starfsmenn og stjórnarmenn lífeyris-

Mánaðarpóstur



LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA



"Framtíðarsýn fyrir lífeyrskerfið" á Grandhótel 2. apríl

FME stendur fyrir morgunverðarfundum þar sem leitast verður við að svara því hvaða þættir það séu sem þurfi að greina og leggja mat á þegar mótuð er framtíðarsýn fyrir lífeyrskerfið. Framsögumenn verða Bjarni Benediktsson, Þórey S. Þórðardóttir, Gyfi Magnússon og Unnur Gunnarsdóttir. Fundarstjóri er Þórunn Snær Júlíusson.



Guðrún Hafsteinsdóttir í áhugaverðu viðtali á Hringbraut

12. mars síðastliðinn var áhugavert viðtal við Guðrúnu í þættinum 21 á sjónvarpsstöðinni Hringbraut um stöðu samningaviðræðna sem vert er að hlýða á.



Hrafn Magnússon um 50 ára sögu sjóða á almennum vinnumarkaði

Hrafn Magnússon, fyrri framkvæmdastjóri LL, var nýverið í áhugaverðu viðtali á Hringbraut þar sem hann stiklaði á stóru í sögu lífeyrissjóða allt frá 1969 þegar samningur um stofnun lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði var undirritaður í Alþingishúsinu.



Sjaðu Ingólfur ganga í gjn ljónsins - af fúsum og friðsum vilja

Í fyrra leitaði Ingólfur (Góisportrönd) uppi ungum landsins til að komast að því hvað þau vissu um lífeyrskerfið.



Lífeyrismál.is
UPPLÝSINGAVEFUR UM LÍFEYRISMÁL



Óviðunandi tekjuskurðing í lífeyrskerfinu

"Hví eiga eldri borgarar að þola þyngr skattbyrði en almennt gerist í ljúðfélöginu, meira að segja langt umfram það sem telst vera hátekjuskattur?" spyr Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, í grein sem birtist í Morgunblaðinu í dag. Hún hvetur aðila vinnumarkaðarinn til að beita samstöðuáli sínu gagnvart stjórnvöldum til að tryggja að samningsbundið iðgjald til lífeyrissjóða nýtist sjóðfélögum fremur en ríkinu með óþeim hætti í forni tekjuskurðinga, líkt og virðist gerast nú.



Sjóðsöfnun eða gegnumstreymi? Kostir og gallar

"Ísland var með afgerandi hæst hlutfall lífeyris úr lífeyrissjóðum og tekjufjöfnuð var hér meiri en í hinum ríkjunum. Yfir 60% lífeyris á Íslandi er nú greiddur úr lífeyrissjóðakerfinu en undir 40% koma frá Tryggingastofnun. Þannig hlutfall þekktist ekki annars staðar". Segir Stefán Halldórsson, verkefnastjóri hjá Landssamtökum lífeyrissjóða, og vísar til samanburðarskýrslu sem unnin var fyrir samtökin þar sem borin eru saman lífeyrskerfi Englands, Hollands, Svíþjóðar og Danmerkur.



Veistu hvað lífeyrissjóður er?



Það er svona það sem þú setur peningana þína í, einhver prósent

Ingólfur, Góí sportrönd, spyr ungmenni landsins spjörnum úr.

sjóða, helstu stofnanir og samstarfsaðilar, alþingismenn og áskrifendur. Fréttabréfin voru 12 á árinu. Í þeim birtast fréttir og fréttatilkynningar sem sendar eru frá LL, valdar greinar og viðtöl sem birtast á Lífeyrismál.is og annað efni sem talið er eiga erindi við almenning.

Samfélagsmiðlar

Mikil áhersla hefur verið á notkun samfélagsmiðla á árinu og sérstaklega hefur verið reynt að höfða



Góí sportrönd ræðir við þau Snædísí Ögn Flosadóttur, framkvæmdastjóra EFÍA og LSBÍ, Írisi Önnu Skúladóttur, lána- stjóra hjá Birtu lífeyrissjóði, og Jón L. Árnason, framkvæmdastjóra Lífsverks.

til ungs fólks með efni og á þeim miðlum sem það hefur áhuga á. Síðan Lífeyrismál.is á Facebook er nú með hátt á þriðja þúsund fylgjendur og eru Facebook færslurnar farnar að skipta hundruðum. Vinnan í tengslum við samfélagsmiðlana er unnin í samstarfi við Sahara, stafræna auglýsingastofu sem sérhæfir sig í stafrænum miðlum. Samstarfið hefur reynst afar farsælt og opnar nýjar og spennandi leiðir til að miðla skemmtilegu og fræðandi efni. Notkun annarra samfélagsmiðla en Facebook er



einnig að aukast og þá sér í lagi birtingar á Instastory sem nýtur hylli ungs fólks.

Kynningarefni


Ingólfur Grétarsson, nefndur Góí sportrönd og er vel þekktur á Instagram og nú sérlegur áhugamaður um lífeyrismál, hefur vakið mikla athygli í tilraunum sínum til að reyna að útskýra lífeyrismál fyrir ungu fólki. LL hafa látið útbúa nokkur myndbönd með Góa þar sem hann



Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar LL og formaður samskiptanefndar.

tekur ungmenni landsins tali og kemst að því að þekking þeirra á lífeyrismálum er ekki mikil. Hann ákveður að reyna að bæta úr þessu og í seinni myndbandaröðinni, sem LL réðust í að gera í vor, gengur hann beint í gin ljónsins þar sem hann ræðir við sérfræðingana Snædís Ögn Flosadóttur, framkvæmdastjóra EFÍA og LSBÍ, Írisi Önnu Skúladóttur, lánastjóra hjá Birtu Lífeyrissjóði, og Jón L. Árnason, framkvæmdastjóra Lífsverks.

Aðalbjörn Sigurðsson, forstöðumaður upplýs-



Á Lífeyrismál.is eru birt áhugaverð viðtöl við fólk í leik og starfi.

ingamála hjá Gildi – lífeyrissjóði, og Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar LL og formaður samskiptanefndar, tóku upp tvö örmyndbönd þar sem leitast var við að svara spurningunum: Hvað gera lífeyrissjóðir? og Hvað er gegnumstreymi? Myndböndin voru birt á Facebook og fengu góðar undirtektir.

LL, ásamt Samtökum fjármálafrirtækja (SFF), eru aðilar að fjármálalæsisverkefninu Fjármálaviti í efstu bekkjum grunnskóla landsins. LL eru einnig

í samstarfi við ASÍ þegar kemur að fræðslu í framhaldsskólum. Nánar er greint frá þessu hjá fræðslunefnd.

Greinaskrif

Öflugt „greinateymi“ er að störfum sem er nefndinni innan handar í tengslum við greinaskrif á vefnum Lífeyrismál.is og á öðrum vettvangi.

Greinateymið skipa:

Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, ritstjóri, LL

Atli Rúnar Halldórsson, blaðamaður og ráðgjafi Þórhallur Jósefsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Greinar og viðtöl við fólk sem sett hefur svip á lífeyrissjóðakerfið í árána rás hafa verið áberandi á árinu tengt því að í maí verður haldið upp á 50 ára afmæli lífeyrissjóða á almennum markaði.


50 ára afmæli sjóða á almennum vinnumarkaði

Á haustdögum var skipuð afmælisnefnd til að undirbúa 50 ára afmæli lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði. Þann 19. maí 2019 voru 50 ár liðin frá því skrifað var undir samning í Alþingishúsinu um stofnun sjóðanna árið 1969. Tímamótunum verður fagnað í Hörpu þriðjudaginn 28. maí og í Hofi á Akureyri fimmtudaginn 30. maí. Allir

núverandi og fyrrverandi stjórnarmenn lífeyrissjóða fengu boðskort á hátíðina og eru allir velkomnir.



LL hafa í samstarfi við sjónvarpsstöðina Hringbraut látið útbúa myndband sem sýnt verður á hátíðinni. Þar er saga sjóðanna og um leið saga lífeyrissjóðakerfisins sögð og viðtöl tekin við fólk sem hefur sett mark sitt á sögu þess. Sjónvarpsþættir, þar sem sagan verður sögð, verða síðan sýndir á Hringbraut í haust.



Afmælisnefnd LL. Efri röð f.v: Þorbjörn Guðmundsson, Atli Rúnar Halldórsson, Arnar Sigurmundsson. Fremri röð: Hrafn Magnússon, Þórunn Sveinbjörnsdóttir og Þórey S. Þórðardóttir.

Hagtöluhópur

Á vegum nefndarinnar er starfandi hagtöluhópur sem tekur saman ítarleg gögn um helstu hagtölur sem tengjast starfsemi lífeyrissjóða. Gögnin gefa mikilvægar upplýsingar um hagstærðir sjóðanna í íslensku hagkerfi og ávöxtun og greiðslur lífeyris til sjóðfélaga. Hagtölurnar eru aðgengilegar á Lífeyrismál.is, bæði í Excel- og Highcharts-skjölum.

Hópin skipa:

Sara Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða
Þórhildur Stefánsdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum
Þór Egilsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Þorkell Sigurgeirsson, LSR

Bætt aðgengi að tölulegum upplýsingum

Til að mæta kröfum sjóðfélaga um meira og betra aðgengi að upplýsingum um lífeyrismál boðaði LL fulltrúa frá Ríkisskattstjóra, Hagstofunni, Fjármálaeftirlitinu, Tryggingastofnun og Seðlabankanum til fundar til að ræða lausnir í þeim efnum. Hópurinn hittist tvisvar sinnum á árinu í húsakynnum LL. Fundarmenn voru sammála um gagnsemi þess að koma slíkum hópi saman til að auðvelda aðgengi að upplýsingum innan hvernar stofnunar.

Þennan hóp skipa, auk Hagtöluhóps LL:

Björn Z. Ásgrímsson, tilnefndur af FME
Sigurður M. Grétarsson, tilnefndur af TR
Svava Óskarsdóttir, tilnefnd af Seðlabankanum
Örn Ágústsson, tilnefndur af Hagstofunni
Páll Kolbeins, tilnefndur af RSK

Til stendur að kalla hópinn saman með haustinu til að meta stöðuna og ræða framhaldið.

Ávöxtun séreignar og samtryggingar

Á aðalfundi LL í fyrra voru ávöxtunartölur sjóðanna fyrir séreign birtar á Lífeyrismál.is. Á aðalfundinum í ár stendur til að birta tölur fyrir ávöxtun sjóðanna í samtryggingu. Þetta er liður í að auka gagnsæi og upplýsingagjöf til almennings.

FRÆÐSLUNEFND

Hlutverk fræðslunefndar

- Skipuleggja og hafa frumkvæði að námskeiða- haldi og almennri fræðslu fyrir lífeyrissjóði.
- Vinna að gerð og viðhaldi á fræðslu- og kynningarefni um lífeyriskerfið.
- Efla og viðhalda síðunni Lífeyrismál.is í samstarfi við Samskiptanefnd.

Sérstök verkefni 2018–2019

- Semja fræðslu- og námskeiðaáætlun samtakanna 2018–2019.
- Fylgjast með og eftir atvikum styðja við framgang fjármálalæsisverkefnisins Fjármálavits.
- Huga að stöðu fræðslumála í framhaldsskólum og kanna með innkomu í háskólana.
- Undirbúa fræðslu um lífeyrismál á vinnustöðum og hjá félagasamtökum.
- Huga að fræðslu fyrir nýbúa og kanna með samstarf við stéttarfélög og TR í þeim efnum.

Nefndarmenn:

Ágústa H. Gísladóttir, formaður, LSR
Arnaldur Loftsson, Frjálsa lífeyrissjóðnum
Gerður Björk Guðjónsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Ingibjörg Ólafsdóttir, Gildi – lífeyrissjóði
Jakob Tryggvason, Birtu lífeyrissjóði
Ólafur Páll Gunnarsson, Íslenska lífeyrissjóðnum og LTFÍ

Snædís Ögn Flosadóttir, EFÍA og LSBÍ
Valmundur Valmundsson, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja

Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, starfsmaður LL, starfaði með nefndinni.

Mikið hefur mætt á nefndinni allt frá árinu 2016

þegar stjórn LL setti fræðslu- og kynningarmálin í öndvegi. Nefndin hélt tíu fundi á árinu þar sem hún skipulagði og fylgdi eftir verkefnum sem lúta að fræðslumálum fyrir lífeyrissjóðina, bæði er varða innri starfsemi þeirra og upplýsingar til sjóðfélaga og annarra.

Nefndin skipuleggur ýmsa fræðsluviðburði og í upphafi starfsársins setti hún fram mjög metnaðarfulla fræðslu- og námskeiðaáætlun.



Efri röð f.v.: Snædís Ögn Flosadóttir, Ingibjörg Ólafsdóttir, Jakob Tryggvason, Arnaldur Loftsson og Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, starfsmaður LL. Fremri röð f.v.: Valmundur Valmundsson, Ágústa H. Gísladóttir og Gerður Björk Guðjónsdóttir. Á myndina vantar Ólaf Pál Gunnarsson.

Hádegisfræðsluerindi fyrir starfsfólk og stjórnarmenn eru fastur liður í starfsemi nefndarinnar og hefur aðsóknin á árinu verið mjög góð.

Fræðsla fyrir starfsfólk og stjórnarmenn

Undanfarin ár hafa LL verið í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu varðandi námskeiðahald fyrir starfsfólk og stjórnarmenn lífeyrissjóða. Að þessu sinni hélt Félagsmálaskólinn undirbúningsnámskeið fyrir stjórnarmenn í lífeyrissjóðum vegna hæfismats FME dagana 13.–16. febrúar og stóð til að halda annað nú í vor en ekki náðist nægileg þátttaka. Fræðslunefndin hefur verið með á sínu borði hugmyndir að sérstakri fræðslu fyrir stjórnarmenn þar sem lögð yrði áhersla á endurmenntun til að tryggja hæfi þeirra og til að kynna breytingar og nýjungar. Námskeið fyrir starfsfólk um lífeyrissjóðakerfið og sérstök fræðsla þegar veigamiklar breytingar standa fyrir dyrum á verklagi eða öðru sem tengist öllum sjóðunum er einnig á borði nefndarinnar.

Fræðsla til almennings

Hægt er að merkja það að aukinn áhugi er á fræðslu um lífeyrismál og hafa LL leitast við að verða við óskum um kynningar. Til dæmis heimsóttu starfsmenn LL Snæfellsnesið 12. mars og héldu fjölmenna opna kynningu í félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík og hjá Soroptimistaklúbbi Snæfellsness á Rífi. Kynningin í Ólafsvík var skipulögð af feðgunum Ólafi Hlyni Steingrímssyni og Jóhannesi Ólafssyni, sem báðir eru búsettir í




Snædís Ögn Flosadóttir, framkvæmdastjóri EFÍA og LSBÍ, í Haag í Hollandi.

Ólafsvík, í samstarfi við Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu og Verkalýðsfélag Snæfellinga. Kynningin var einstaklega vel heppnuð og augljóst að bæði er áhugi fyrir efninu og líka skiptir máli að fá öflugan samstarfsaðila í heimabyggð. Unnið er að því að opna enn frekar á sambærilegar kynningar og fræðslu og er markmiðið að reyna að fara sem víðast um landið.

Snædís Ögn Flosadóttir, framkvæmdastjóri

EFÍA og LSBÍ og nefndarmaður í fræðslunefnd hélt erindi á alþjóðlegri ráðstefnu á vegum Pension & Investments í Haag í Hollandi sem bar yfirskriftina „Are pension funds boring?“. Í erindi sínu sagði Snædís meðal annars frá því sem fjármálalæsisverkefnið Fjármálavit er að gera í efstu bekkjum grunnskóla á Íslandi og vakti það mikla athygli. Svo mikla að menn sáu ástæðu til að lofa framtakið í erlendum miðlum.



Úr myndbandinu Lífeyrissjóðakerfið á 90 sek.

Fræðslunefnd og samskiptanefnd vinna náið saman að verkefnum sem tengjast gerð myndefnis fyrir vef og samfélagsmiðla. Myndböndin með Góa sportrönd eru dæmi um það. Sjá nánar undir Samskiptanefnd.

Kynningarspjöld sem hönnuð voru til að vekja athygli á vefnum Lífeyrismál.is eru enn við lýði og aðgengileg hjá lífeyrissjóðum og stéttarfélögum. Unnið er að gerð nýs efni á ensku og pólsku sem nýtast mun bæði á vefnum og á samfélagsmiðlum. Sjóðirnir hafa aðgang að öllu efni sem LL framleiða og nýta sér það á sínum miðlum.

Fræðsla um lífeyrismál á vinnustöðum og hjá félagasamtökum

Nefndin stóð fyrir svokölluðum Dokkufundi í funda-

röð á vegum Dokkunnar, þekkingar- og tengslanets, sem var vel sóttur og óskað hefur verið eftir sambærilegum fundi aftur í haust. Starfsmenn LL héldu einnig kynningu fyrir félagsmenn Brúar, félag stjórnenda, og var salurinn þétt setinn og viðbrögð fundarmanna við kynningunni mjög góð.

Nefndin hefur haft fræðslumál fyrir trúnaðarmenn til skoðunar í vetur sem og fræðslu fyrir nýbúa með mögulegu samstarfi við stéttarfélög og TR.

Gerð fræðsluefnis

Unnið er að efnisgerð í formi almennra glæra sem sjóðirnir geta nýtt sér við kynningar á sínum sjóði.

Undirbúningur er hafinn að gerð efnis á samfélagsmiðlum þar sem upptökur er tengjast sjón-

varpsauglýsingu LL, sem gerð var 2016 og frumsýnd var í tengslum við EM í fótbolta sama ár, verða nýttar í gerð 15 sek Instastory myndbanda og 30 sek myndbanda fyrir Facebook.

Enn fremur er unnið að því að láta þýða myndbandið, Lífeyrissjóðakerfið á 90 sek, sem notað er meðal annars í fræðslupakka ASÍ í framhaldsskólum, yfir á ensku og pólsku. Myndbandið verður síðan birt á Lífeyrismál.is og á Facebook þar sem því verður sérstaklega beint til ensku- og pólskumælandi fólks sem býr á Íslandi.

Fræðsla í skólum

Grunnskólar

LL standa ásamt SFF (Samtökum



Kristín J. Lúðvíksdóttir verkefnisstjóri Fjármálavits.

fjármálafyrirtækja) að verkefninu Fjármálaviti sem er námsefni í fjármálalæsi fyrir nemendur á efsta stigi grunnskóla. Á árinu voru um 60 skólar heimsóttir og um 3000 nemendur. Leiðbeinendur á vegum Fjármálavits eru 93, þar af koma 16 frá lífeyrissjóðunum. Bók Gunnars Baldvinssonar, framkvæmdastjóra Almenna lífeyrissjóðsins, Fyrstu skref í fjármálum, er notuð til kennslu í 68 skólum nú þegar til að styðja við fræðsluna



Aðalbjörn Sigurðsson, forstöðumaður upplýsingamála hjá Gildi – lífeyrissjóði, með 10. bekkjum.

og er bókin væntanleg á ensku í maí. Auk heimsóknna í skóla stendur Fjármálaviti árlega fyrir Fjármálaleikum sem er spurningakeppni í fjármálalæsi milli grunnskóla þar sem fjölmargir 10. bekkingar í grunnskólum víða um land spreya sig á að svara 64 spurningum. Spurningarnar snúa að fjármálum almennt, lífeyrismálum, tryggingum og réttindum og skyldum á vinnumarkaði svo eitthvað sé nefnt. Skólinn sem sigraði í ár var

Nesskóli á Neskaupsstað. Alls tóku þrjátíu skólar á landsvísi þátt í leikunum með samtals um 500 nemendur. Tveir nemendur Nesskóla fóru í byrjun maí út til Brussel þar sem þau tóku þátt í úrslitum í Evrópukeppni í fjármálalæsi. Rake Fleckenstein Björnsdóttir, verkefnastjóri hjá LL, á sæti í stýrihópi Fjármálavits sem sér meðal annars um stefnumótun fyrir verkefnið en verkefnisstjóri er Kristín Lúðvíksdóttir.

RÚV núll, sem er dagskrárgerð á vegum RÚV fyrir vef, útvarp og samfélagsmiðla, hefur gert samstarfssamning við Fjármálavit um gerð allt að níu þátta um fjármálalæsi. Stjórnendur þáttanna hafa fengið góðar ráðleggingar hjá sérfræðingum lífeyrissjóðanna og er efnisins að vænta í haust.

Framhaldsskólar

LL hafa verið í góðu samstarfi við ASÍ um fræðslu til nemenda í framhaldsskólum og hefur fræðslufulltrúi ASÍ, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, haft veg og vanda af kynningum í skólunum. Bergþóra hefur



Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, fræðslufulltrúi ASÍ.

tvinnað fræðslu um lífeyriskerfið inn í sína fræðslu þar sem það á við og sýnt myndbandið „Lífeyrissjóðakerfið á 90 sek.“ sem LL létu gera í tilefni þessa samstarfs.

NOKKRAR MYNDIR FRÁ FRÆÐSLU- OG KYNNINGARFUNDUM:



Kynning hjá Brú, félagi stjórnenda, 28. nóvember.



Opinn kynningarfundur í Félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík 12. mars.



Frá kynningu hjá Soroptimistaklúbbi Snæfellsness á Rifi 12. mars.



Frá kynningu á skiptingu ellilífeyrisréttinda 26. febrúar.



Frá kynningu Umboðsmanns skuldara 31. október. Sara Jasonardóttir, sérfræðingur hjá Umboðsmanni skuldara, fór yfir stöðu mála hjá embættinu, þróun umsóknafjölda og greiningu á þeim hópi sem til embættisins leitar.



Frá kynningu á örorkulífeyri 6. desember. Margrét Jónsdóttir, sérfræðingur hjá Tryggingastofnun, fór yfir það ferli sem á sér stað hjá TR þegar sótt er um örorkulífeyri hjá stofnuninni.



Frá Dokkufundi 31. janúar. Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, og Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, verkefnastjóri LL, stöðu fyrir kynningu sem bar yfirskriftina „Eru lífeyrismálin leiðinleg eða nauðsynleg?“.



Frá kynningu Braga L. Haukssonar, verkefnastjóra, á pósthólfinu island.is, 21. janúar.

Staðan og framtíðarsýn á lífeyrismálin

Aðilar vinnumarkaðarins bakhjarlar lífeyrissjóðakerfisins

Íslenska lífeyrissjóðakerfið á sér tiltölulega langa sögu. Upphafið má rekja til lagasetningar vegna eftirlauna embættismanna snemma á öldinni sem leið. Árið 1919 varð til Lífeyrissjóður embættismanna, síðar Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins frá árinu 1943. Lög um almannatryggingar voru sett 1946 og þá voru starfandi í landinu 15 lífeyrissjóðir ríkisstarfsmanna, starfsmanna sveitarfélaga, bankamanna og fyrirtækja í einkarekstri og samvinnurekstri. Þann 19. maí 1969 voru mörkuð tímamót þegar forystumenn heildarsamtaka atvinnurekenda og launafólks undirrituðu kjarasamninga þar sem kveðið var á um aðild launafólks á almennum vinnumarkaði að lífeyrissjóðum. Í framhaldinu var skylduáðild alls launafólks að lífeyrissjóðum lögfest. Þessum merku tímamótum er nú fagnað!

Samningar 1995 grunnur að lífeyrissjóðalögum 1997

Aðilar vinnumarkaðarins hafa allar götur síðan samningarnir 1969 voru undirritaðir haft mótandi áhrif á stefnuna í lífeyrimálum. Núgildandi lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (lífeyrissjóðalögin) eru í grunninn byggð á samkomulagi ASÍ og Vinnuveitendasambands

Íslands frá 12. desember 1995. Lögin bera þess glöggt merki að vera málamiðlun ólíkra sjóða og ólíkrar sýnar á uppbyggingu lífeyrisréttinda. Þau gera því ráð fyrir að unnt sé að samþætta lágmarkstryggingarverndina milli greiðslna í samtryggingu og séreign. Það á sér þá skýringu að á þessum tíma voru til sjóðir sem voru aðeins með réttindi í séreign.

Jöfnun réttinda eykur sveigjanleika á vinnumarkaði

Lífeyrissjóðir hafa löngum verið ólíkt upp byggðir og talsverður munur verið á réttindakerfi opinberra starfsmanna og þeirra sem starfa á almennum markaði. Þar hafa þó nokkur stór skref verið stigin í átt að sameiginlegri löggjöf og réttindauppbyggingu fyrir allt launafólk hver sem atvinnurekandinn er.

Í kjarasamningum ASÍ og SA á árinu 2015 var samið um hækkun á iðgjaldi til lífeyrissjóða til jafns við það sem var hjá starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga. Einnig hefur réttindaávinnslu opinberra starfsmanna verið breytt með því að taka upp aldursháða réttindaávinnsla fyrir nýja starfsmenn og leggja af bakábyrgð launagreiðanda. Þannig tóku viðamiklar breytingar á réttindakerfi ríkis- og sveitafélagastarfsmanna gildi á árinu 2017 þar sem allir nýir starfsmenn heyra undir sömu löggjöf. Taka lífeyrissjóðalögin nú til

meginþorra opinbera markaðarins en um eldri réttindakerfi gilda enn að mestu sérstakar reglur sem standa á gömlum merg. Þarna var stigið mikilvægt skref sem stuðlar að sveigjanleika á vinnumarkaði.

Framtíðarþróun – kynslóðasáttmáli

Vegna þessara breytinga þarf að huga að framtíðarskipan mála. Lífeyrissjóðalögin hafa bein áhrif á mun stærri hóp en áður og spurningar vakna um hvort rétt sé að skapa grundvöll fyrir samráðsvettvang þar sem fleiri aðilar komi að breytingum sem varða lífeyriskerfi landsmanna en verið hefur.

Styrkur lífeyrissjóðakerfisins hefur verið tryggt bakland aðila vinnumarkaðar og ekki má með sundurlyndi glata árangri sem náðst hefur heldur verður að tryggja vettvang þar sem tryggð verður áframhaldandi þróun og þroski kerfisins. Lífeyrissjóðakerfið er ákveðinn sáttmáli kynslóða og því mikilvægt að huga að því hvernig samspili lífeyrisgreiðslna frá lífeyrissjóðum og almannatryggingum verði háttað til framtíðar.

Hlutverk stjórnvalda

Stjórnvöld landsins og aðilar vinnumarkaðarins gegna lykilhlutverki í hver framvinda mála verður. Á árinu kom út Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið. Þar segir að óumdeilt sé hversu

mikilvægir lífeyrissjóðirnir séu á íslenskum fjármálamarkaði. Í umsögn LL um Hvítbókina segir að ekki liggi að svo stöddu fyrir sérstök afstaða til hugmynda sem beinast að starfssemi lífeyrissjóða en lögð áhersla á að hugmyndir og áherslur er varða lífeyrissjóði fái faglega og ítarlega skoðun.

Fjármálaeftirlitið fagnar á árinu 20 ára afmæli og hefur af því tilefni staðið fyrir nokkrum morgunverðarfundum. Í byrjun apríl var viðfangsefnið „framτίðarsýn fyrir lífeyriskerfið“. Fjármála- og efnahagsráðherra var einn af framsögumönnum og kom skýrt fram að ráðuneyti hans stefndi að endurskoðun á lífeyrissjóðalöggjöfinni og reyndar væri þegar byrjað að vinna þar að undirbúningi. Verkefnið væri umfangsmikið og því mikilvægt að skipta því í nokkra áfanga.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um heildarendurskoðun á lífeyrissjóðakerfinu og í Lífskjarasamningunum eru ýmis atriði sem varða þróun lífeyrismála. Hér er mikilvægt að vel og skipulega verði staðið að verki enda varða lífeyrismálin alla landsmenn.

Samspil greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða

Lífeyrissjóðakerfið hefur stækkað og styrkst og

mikil umræða á sér stað um samspil greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða. Tekjutengingar almannatrygginga þykja harkalegar og sæta gagnrýni.

Í félagsmálaráðuneytinu er nú unnið að því að leggja grunn að nýju greiðslukerfi vegna skertrar starfsgetu. Stjórn LL hefur komið því á framfæri við ráðuneytið að mikilvægt sé við slíka vinnu að huga samhliða að hlutverki lífeyrissjóða við greiðslu örorkulífeyris. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að allt frá árinu 2011 hefur árlega verið framlengt bráðabirgðaákvæði í lífeyrissjóðalögunum er varðar víxlverkun á greiðslum lífeyrissjóða og almannatrygginga. Hér er mikilvægt að huga að því hvernig best verður haldið á málum til framtíðar.

Vettvangur til að tryggja farsæla framtíðarþróun

Stjórn LL ræddi framtíð lífeyrissjóðakerfisins á vinnu- og stefnumótunarfundi sínum haustið 2018 og taldi rétt að eiga samtalið við fulltrúa aðila vinnnumarkaðarins. Af því tilefni áttu forsvarsmenn LL strax á haustmánuðum óformlega fundi með forsvarsmönnum SA, ASÍ, BSRB og fleirum þar sem hugmyndir voru viðraðar um hvort rétt væri að skipa einhvers konar samráðshóp eða nefnd á vettvangi lífeyrismála.

Slíkur hópur gæti haft það hlutverk að koma

saman þegar aðilar á vinnnumarkaði, almennum og/eða opinberum, hyggjast semja um breytingar sem varða lífeyriskerfið. Tilgangurinn væri sá að tryggja umræðuvettvang fyrir mismunandi sjónarmið og viðhorf sem varða alla eða allflest launamenn í landinu. Samráðshópurinn gæti til að mynda verið skipaður fulltrúum ASÍ, SA, opinberu stéttarfélaganna, frjálsu sjóðanna og hins opinbera, ríkis og/eða sveitarfélaga. Stjórn LL gæti haft forgöngu um skipan þessa hóps að fengnum tilnefningum frá hagsmunaaðilum. Slíkur hópur gæti gegnt lykilhlutverki við að rýna hugmyndir og gefa álit á grundvelli sérþekkingar sem aflað yrði við slíka vinnu. Þetta eru allt saman atriði sem mikilvægt er að kanna og ræða. Mikilvægt er því að skapa samstarfsvettvang til að tryggja farsæla þróun kerfisins til framtíðar.

Í ár eru liðin 50 ár frá stofnun lífeyrissjóða á almennum vinnnumarkaði og er tilefni til að fagna saman hinum mikla árangri sem náðst hefur. Vonandi geta komandi kynslóðir horft um öxl og fagnað að nýju eftir önnur 50 ár, á aldarafmæli sjóðanna.

Það er hins vegar undir okkur komið hvernig haldið verður á málum nú þegar lífeyriskerfið er að ýmsu leyti við vegamót í þróun sinni og þroska.

Erlent samstarf

Landssamtök lífeyrissjóða eru aðili að PensionsEurope sem er samstarfsvettvangur 23 samtaka lífeyrissjóða frá 20 ESB og EFTA löndum.

Þátttakan er í formi áheyrnaraðildar. Hún felur í sér rétt til setu á fundum samtakanna, aðgang að innra starfi þeirra eins og málefnavarfræðingum og sameiginlegri hagsmunagæslu gagnvart stofnunum ESB, sem og þátttöku í könnunum á vegum PensionsEurope.


Aðild að samtökunum veitir LL gott færi á að fylgjast með straumum og stefnum í þróun löggjafar ESB sem varðar lífeyrissjóði, sem og þróun þessara mála í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Reglusetning ESB tengd starfsemi lífeyrissjóða varðar Ísland beint í mörgum tilvikum þar sem stór hluti þeirra tilskipana og reglugerða ESB sem hér um ræðir varðar innri markað Evrópska efnahagssvæðisins.

PensionsEurope heldur svonefnda GAM fundi (e. General Assembly Meeting) tvisvar á ári. Fulltrúi LL, Tómas N. Möller, situr fundina ásamt framkvæmdastjóra LL. Þar eru til kynningar og umræðu þau atriði sem efst eru á baugi á hverjum tíma. Um þessar mundir stendur yfir innleiðing nýrrar tilskipunar um starfstengda lífeyrissjóði (2016/2341/EB) sem tekur við af tilskipun sem innleidd var í íslenskan rétt með

lögum nr. 78/2007 (2003/41/EB). Í tilskipuninni er m.a. aukið áhersla á stjórnarhætti lífeyrissjóða, upplýsingagjöf og ESG (Umhverfismál, Félagslega þætti & Stjórnarhætti / e. Environmental, Social & Governance) við töku fjárfestingarákvarðana og við áhættustýringu. Tilskipanirnar hafa takmörkuð bein áhrif á starfsemi íslenskra lífeyrissjóða. Reynslan hefur kennt okkur að óbein áhrif geta hins vegar verið margþætt. Í því sambandi er vert að benda á að EIOPA hefur gefið út leiðarvísa varð-

andi tiltekna þætti í innleiðingu tilskipunarinnar sem varða t.d. „the Pension Benefit Statement“ (réttindayfirlit til sjóðfélaga) auk þess sem vænta má í júní leiðbeininga varðandi stjórnarhætti og áhættustýringu. Þá hefur PensionsEurope einnig unnið að umsögnum um og kynningu á reglum sem nú er unnið að á vettvangi ESB sem varða sjálfbærar fjárfestingar og munu hafa áhrif á starfstengda lífeyrissjóði. Þá má nefna að unnið er að löggjöf um einstaklingsbundinn

HEILDAREIGNIR Í SJÓÐUM OG Á LÍFEYRISREIKNINGUM Í VÖLDUM LÖNDUM INNAN OECD ÁRIÐ 2017




Myndin sýnir eignir í lífeyrissjóðum og öðrum svipuðum einingum sem hlutfall af vergri landsframleiðslu miðað við árið 2017. Ísland hefur um langt árabil verið í efstu sætum í þessum samanburði.

lífeyrissparnað (e. PEPP / Pan-European Pension Product). Verkefnið lýtur að því að styðja við þróun persónubundins lífeyrissparnaðar (valkvæður, einstaklingsbundinn, sjóðmyndaður) til að styðja við lífeyrissparnað og efla samevrópskan fjármálamarkað. Síðast en ekki síst er vert að benda á að PensionsEurope stendur vörð um þau sjónarmið að ákvarðanir varðandi lífeyrismál skulu eftir því sem kostur er vera á forræði hvers ríkis. Þannig skuli samevrópskar reglur takmarkast við þau svið þar sem samræmingar er sérstaklega þörf (svokölluð nálægðarregla / e. subsidiarity principle).

Á vef LL er nú aðgengilegt ýmislegt gagnlegt efni af erlendum vettvangi á vefsvæðinu „Erlent efni“. Hluti af þessu efni var til umfjöllunar á málþingi Landssamtaka lífeyrissjóða sem haldið var 1. febrúar 2018 undir yfirskriftinni „Mótun lífeyriskerfa – Hvað getum við lært af alþjóðasamfélaginu?“ Nánari upplýsingar um PensionsEurope má finna á vef samtakanna: www.pensionseurope.eu.


FYRIRVARI: Myndirnar eru sóttar í rit OECD, Pension Markets in Focus, útgefið 19. október 2018, þar sem er að finna margvíslegan fróðleik um lífeyrismarkaði í löndum OECD sem og utan þess. Bent er á að þar eru settar fram skýringar og athugasemdir við einstaka myndir sem varða m.a. gögn frá tilteknum ríkjum. Mikilvægt er að skoða þessar skýringar áður en dregnar eru of

ÁRLEGUR VÖXTUR LÍFEYRISREIKNINGA (PENSION ASSETS) ÁRIÐ 2017 OG SÍÐASTLIÐIN TÍU ÁR



Af myndinni má sjá að vöxtur lífeyriseigna er víða meiri sl. 10 ár en á Íslandi.

GREIÐSLUR FRÁ SJÓÐUM OG LÍFEYRISREIKNINGUM ÁRIÐ 2017 SEM HLUTFALL AF VLF



Myndin sýnir greiðslur frá lífeyrissjóðum og lífeyrisreiðslum í völdum OECD löndum árið 2017. Þar kemur meðal annars fram að Ísland er meðal þeirra ríkja þar sem þetta hlutfall er hvað hæst.

Ítarlegar ályktanir af myndunum. Ritið og Excel-töflur eru aðgengilegar á vef OECD á slóðinni:

<https://www.oecd.org/daf/fin/private-pensions/pensionmarketsinfocus.htm>

Fundir, ráðstefnur, námskeið og fleira

Helstu opnir fundir, ráðstefnur og viðburðir sem fram hafa farið á vettvangi LL frá síðasta aðalfundi.

2018

13. júní: Vinnuhópur um kjarajafnrétti var settur á laggirnar af stjórnvöldum til að fylgja eftir kröfum Kvennafrís 2016. Hópurinn óskaði eftir kynningu frá LL og TR á lífeyrisréttindum. Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri TR, hélt erindi um almannatryggingar og Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, fór yfir lífeyrisréttindi og uppbyggingu þeirra.

18. júní: Efling stóð fyrir fundi um lífeyris- og húsnæðismál þar sem Ólafur Margeirsson hagfræðingur flutti erindi. Að því loknu voru pallborðsumræður þar sem Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, var fulltrúi lífeyrissjóða.

20. ágúst: Aukaaðalfundur LL

21. ágúst: Vinnu- og stefnumótunarfundur stjórnar LL

20. september: Óskað var eftir kynningu á tilgreindri séreign á formannaráðsfundi BSRB og mætti Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, og gerði grein fyrir málinu.

21. september: Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var á landinu og óskaði eftir fundi með fulltrúum LL. Á fundinn mættu Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar, Gunnar Baldvinsson,

framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins, Ólafur Sigurðsson, formaður nefndar um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða, og Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL.

9. október: Haldin var kynning á lífeyrismálum fyrir Mannauð, félag mannauðsfólks á Íslandi. Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, flutti erindi þar sem áherslan var á atriði sem mikilvægt er að mannauðsfulltrúar þekki.

23. október: Íslandsbanki hélt opinn fund um undirbúning starfsloka. Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri, hélt erindi en að því loknu voru í pallborði þær Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður LEB, og Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL.

30. október: Snædís Ögn Flosadóttir, framkvæmdastjóri EFÍA og LSBÍ, hélt erindi á alþjóðlegri ráðstefnu í Haag í Hollandi undir yfirskriftinni „Are pension funds boring?“

31. október: Fræðslunefnd LL stóð fyrir kynningu á störfum Umboðsmanns skuldara. Sérfræðingur frá umboðsmanni annaðist kynninguna þar sem meðal annars var farið yfir stöðu mála hjá embættinu, þróun umsóknarfjölda og greiningu á þeim hópi sem til embættisins leitar.

12. nóvember: Fulltrúar LL og FME hafa reglulega haldið óformlega fundi til að fara yfir helstu málefni hverju sinni. Fundirnir hafa reynst gagnlegir og til þess fallnir að auka og bæta samskipti lífeyrissjóðanna og eftirlitsins.

27. nóvember : Íslenska lífeyriskerfið var til umræðu á fundi BHM sem bar yfirskriftina „Vilt þú vita meira um lífeyriskerfið?“ Stefán Halldórsson, verkefnastjóri hjá LL, var meðal framsögumanna.

28. nóvember: Kynning á lífeyrissjóðakerfinu hjá Brú, félagi stjórnenda.

29. nóvember: Bjarni Guðmundsson, formaður Félags tryggingastærðfræðinga (FÍT), kynnti nýjan reiknigrundvöll fyrir örorkutíðni og endurhæfingarlíkur.

30. nóvember: Fundur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu með ráðuneytisstjóra og sérfræðingum ráðuneytisins þar sem lífeyrismálin voru rædd á almennum nótum. Á fundinn mættu af hálfu LL formaður, varaformaður, framkvæmdastjóri og formaður nefndar um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða.

4. desember: Fundur Samráðshóps ASÍ og SA um lífeyrismál. Á fundinum voru erindi frá fulltrúum SA og ASÍ auk þess sem Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, hélt erindi um hugmyndir Alþjóðabankans við endurskoðun lífeyriskerfa og Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, hélt erindi undir yfirskriftinni „Framtíð íslenska lífeyriskerfisins“.

6. desember: Margrét Jónsdóttir, sérfræðingur hjá Tryggingastofnun, kynnti ferli stofnunarinnar við afgreiðslu örorkulífeyris.

4. janúar: Kynning í fjármála- og efnahagsráðuneytinu á pósthólfinu island.is. Á fundinum var jafnframt haldin stutt kynning á tillögum starfhóps ráðuneytisins um upplýsingamiðlun og greiðslumiðlun launa og launatengdra gjalda.

9. janúar: Starfshópur stjórnvalda um aðgerðir til að lækka þröskuld ungs fólks og tekjulágra inn á húsnæðismarkaðinn. LL skiluðu umsögn dags. 4. janúar og mættu fulltrúar LL, þau Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins, og Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, á fund starfshópsins.

11. janúar: Opni Háskólinn í Reykjavík annast markvisst nám fyrir fjármálaráðgjafa. Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, hélt fræðsluerindi fyrir nemendur um lífeyrismál.

21. janúar: Bragi L. Hauksson, verkefnastjóri, hélt erindi fyrir starfsmenn lífeyrissjóða þar sem hann kynnti möguleika pósthóttarinnar island.is.

30. janúar: Kvika banki stóð fyrir hádegisverðarfundum um horfur í fjárfestingum hins opinbera og fjármögnun innviðaf framkvæmda. Ólafur Sigurðsson, formaður nefndar um fjárfestingarumhverfi, kom þar fram sem fulltrúi lífeyrissjóða. Aðrir sem voru með framsögu voru aðalhaf fræðingur bankans og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

31. janúar: Dokkufundur. Þórey S. Þórðardóttir og Raket Fleckenstein Björnsdóttir fluttu framsögu sem bar yfirskriftina „Eru lífeyrismálin leiðinleg eða nauðsynleg?“

1. febrúar: Guðjón Rúnarsson, verkefnastjóri rafrænna þinglýsinga fyrir dómsmálaráðuneytið, kynnti innleiðingu á rafrænum þinglýsingum sem byggja á nýlegum breytingum á þinglýsingarlögum.

7. febrúar: Persónuverndarhópur, undirhópur réttindanefndar, fundaði með persónuverndarfulltrúum sjóðanna.

13.–16. febrúar: Félagsmálaskóli alþýðu, í samstarfi við LL, stóð fyrir undirbúningsnámskeiði fyrir stjórnarmenn í lífeyrissjóðum vegna hæfismats FME.

19. febrúar: Fundur í samráðshópi ASÍ og SA um lífeyrismál. Á fundinum voru haldin nokkur erindi þar sem kynntar voru útfærslur á ákvæðum í kjarasamningum um breytingar á stjórnkerfi lífeyrissjóðanna.

26. febrúar: Skipting ellilífeyrisréttinda. Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL fór yfir helstu atriði málsins fyrir starfsfólk sjóðanna.

28. febrúar: „Áhættustýring lífeyrissjóða – aðlögun að nýju regluverki“. Agni Ásgeirsson, forstöðumaður áhættustýringar hjá LSR og formaður áhættunefndar LL.

12. mars: „Eru lífeyrismálin leiðinleg eða nauðsynleg?“ Opin kynning í Ólafsvík í samstarfi við feðgana Ólaf Hlyn Steingrímsson og Jóhannes Ólafsson, sem eru búsettir í Ólafsvík, og Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu og Verkalýðsfélag Snæfellinga.

12. mars: Kynning fyrir konur í Soroptimistaklúbbi Snæfellsness á Rífi.

27. mars: Stjórn LL boðaði framkvæmdastjóra sjóðanna til hádegisfundar. Á fundinum var farið yfir þau málefni sem einkum brenna á lífeyrissjóðakerfinu.

2. apríl: Morgunverðarfundur FME undir yfirskriftinni „Framtíðarsýn fyrir lífeyriskerfið“. Framsögumenn voru Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, Gylfi Magnússon, dósent við viðskiptafræðideild HÍ, og Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins.

23. apríl: Formaður og framkvæmdastjóri LL áttu spjallfund með formanni og framkvæmdastjóra Öryrkjabandalagsins.


9. maí: Fulltrúar lánshæfisfyrirtækisins S&P voru á landinu og óskuðu eftir fundi með fulltrúum lífeyrissjóða.

22. maí: Hádegisfundur þar sem Óli Freyr Kristjánsson og Aníta Hilmarsdóttir, starfsmenn eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka, héldu erindi um samfélagsábyrgð fyrirtækja og ófjárhagslegar upplýsingar út frá aðferðarfræði ábyrgra fjárfestinga og umboðsskyldu.

23. maí: Tryggingastofnun hélt vinnustofu um endurreikning lífeyrisgreiðslna. LL sendu fulltrúa og tók framkvæmdastjóri þátt í pallborðsumræðum.

Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða

Lífeyrissjóðir	Hrein eign 31. des. 2017 (millj. kr.)	% af heildareignum
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	799.073.381	20,3
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	664.772.548	16,9
Gildi – lífeyrissjóður	517.355.962	13,2
Birta lífeyrissjóður	348.122.488	8,8
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	210.492.987	5,4
Almenni lífeyrissjóðurinn	208.953.205	5,3
Stapi lífeyrissjóður	204.850.486	5,2
Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	190.559.141	4,8
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	153.316.144	3,9
Festa lífeyrissjóður	133.444.842	3,4
Lífsverk lífeyrissjóður	80.917.795	2,1
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	76.662.369	1,9
Lífeyrissjóður bankamanna	74.467.327	1,9
Íslenski lífeyrissjóðurinn	70.700.503	1,8
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	49.370.598	1,3
Eftirlaunasjóður Félags íslenskra atvinnuflugmanna	34.431.488	0,9
Lífeyrissjóður bænda	33.153.477	0,8
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	26.614.072	0,7
Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands	22.950.821	0,6
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	11.979.773	0,3
Lífeyrissjóður Rangæinga	11.234.673	0,3
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	5.605.756	0,1
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar	4.551.677	0,1
Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	22.012	0,0
	3.933.603.525	100,0



Sjóðunum fækkaði nokkuð á árinu og eru íslenskir lífeyrissjóðir nú 21 talsins. Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga sem starfaði samkvæmt sérlögum hefur sameinast Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR). Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands var lagður niður og annast LSR útgreiðslu lífeyris þeirra sem áttu þar réttindi. Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar var sameinaður Brú lífeyrissjóði. Fimmtán sjóðir eru nú með eigin rekstur, aðrir eru með rekstrarsamninga við Arion banka og Landsbankann. Sjóðunum hefur fækkað verulega á liðnum áratugum. Árið 1980 voru þeir 96 talsins.

Heimild: Ársreikningaskrá Fjármálaeftirlitsins

Landssamtök lífeyrissjóða

Ársreikningur 2018

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð 18. desember 1998. Í árslok 2018 voru aðildarsjóðir 21. Landssamtökum lífeyrissjóða er ætlað að vera málsvári lífeyrissjóða og gæta hagsmuna sjóðfélaga þeirra.

Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2018 er gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur félagsins árið á undan. Samkvæmt

rekstrarreikningi námu rekstrartekjur 120,0 millj. kr. og hagnaður af rekstrinum var 5,3 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 104,0 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé í ársbyrjun var 98,7 millj. kr.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning þeirra fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. mars 2019

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða:

Guðrún Hafsteinsdóttir

Arnaldur Loftsson

Jakob Tryggvason

Gylfi Jónasson

Haldóra Káradóttir

Ingibjörg Ólafsdóttir

Erla Jónsdóttir

Valmundur Valmundsson

Haukur Hafsteinsson

Framkvæmdastjóri

Dórey S. Þórðardóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og aðildarsjóða Landssamtaka lífeyrissjóða

ÁRITUN UM ENDURSKOÐUN ÁRSREIKNINGSINS

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Landssamtaka lífeyrissjóða („félagið“) fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið

- Í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
 - Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
 - Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum

- sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 19. mars 2019

KPMG ehf.

Sæmundur Valdimarsson

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrartekjur			
Árgjöld	1b	120.000.000	135.000.000
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	2	68.512.474	64.274.374
Annar rekstrarkostnaður	3	49.992.276	51.773.637
		<u>118.504.750</u>	<u>116.048.011</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)		1.495.250	18.951.989
Vaxtatekjur		3.788.195	2.880.166
Vaxtagjöld		(8.975)	(17.990)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>3.779.220</u>	<u>2.862.176</u>
Hagnaður (tap) ársins	5	<u>5.274.470</u>	<u>21.814.165</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	2018	2017
Eignir			
Fastafjármunir			
Áhættufjármunir:			
Eignarhlutir í félögum	4	672.208	672.208
Fastafjármunir samtals		<u>672.208</u>	<u>672.208</u>
Veltufjármunir			
Handbært fé		113.585.467	110.118.788
Veltufjármunir samtals		<u>113.585.467</u>	<u>110.118.788</u>
Eignir samtals		<u>114.257.675</u>	<u>110.790.996</u>
Eigið fé	5	<u>103.970.313</u>	<u>98.695.843</u>
Skammtímaskuldir			
Ýmsar skammtímaskuldir		10.287.362	12.095.153
Skuldir samtals		<u>10.287.362</u>	<u>12.095.153</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>114.257.675</u>	<u>110.790.996</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	5	5.274.470	21.814.165
Veltufé frá rekstri		5.274.470	21.814.165
 Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, lækkun		0	47.823
Skammtímaskuldir, lækkun		(1.807.791)	(5.810.435)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(1.807.791)	(5.762.612)
Handbært fé frá rekstri		3.466.679	16.051.553
 Hækkun á handbæru fé		3.466.679	16.051.553
 Handbært fé í ársbyrjun		110.118.788	94.067.235
 Handbært fé í árslok		113.585.467	110.118.788

Skýringar

1. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

a. Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs-reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

b. Innlausn tekna

Árgjöld aðildarsjóðanna á árinu 2018 taka mið af heildareignum sjóðanna í samtryggingu og séreign samkvæmt ársreikningum þeirra fyrir árið 2016. Fast lágmarksgjald á hvern aðildarsjóð 150 þús. kr.

c. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði.

2. LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2018	2017
Laun stjórnar og varastjórnar	11.186.000	10.155.500
Laun formanna fastanefnda	4.632.000	3.632.000
Laun og hlunnindi starfsmanna	38.889.668	37.879.232
Laun samtals	54.707.668	51.666.732
Launatengd gjöld	13.804.806	12.607.642
Laun og launatengd gjöld samtals	68.512.474	64.274.374
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	2,1	2,2

Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra, stjórnarmanna og formanna fastanefnda greinast þannig:

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri	26.107.104	24.436.752
Þorbjörn Guðmundsson, fyrrv. formaður stjórnar og samskiptanefndar	1.230.000	2.847.000
Haukur Hafsteinsson, varaformaður	1.539.000	1.423.500
Arnaldur Loftsson	1.026.000	949.000
Erla Jónsdóttir	1.026.000	574.000

Skýringar, framhald

2. LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD, FRH.

	2018	2017
Gylfi Jónasson	1.026.000	949.000
Halldóra Káradóttir	616.000	0
Jakob Tryggvason	616.000	0
Valmundur Valmundsson	616.000	0
Harpa Ólafsdóttir	498.000	949.000
Ingibjörg Ólafsdóttir	440.000	0
Huld Aðalbjarnardóttir	410.000	949.000
Kristbjörg Stephensen	410.000	949.000
Hulda Rós Rúriksdóttir	252.000	78.500
Erla Ósk Ásgeirsdóttir	205.000	75.000
Sigurbjörn Sigurbjörnsson	44.000	37.500
Arnar Sigurmundsson	0	375.000
Úlfar Steindórsson	0	375.000
Ágústa Gísladóttir, formaður fræðslunefndar	1.026.000	949.000
Ólafur Sigurðsson, formaður nefndar um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða	1.026.000	949.000
Þóra Jónsdóttir, formaður réttindanefndar	1.026.000	410.000
Agni Ásgeirsson, formaður áhættunefndar	528.000	0
Kristján Geir Pétursson, fyrrverandi formaður réttindanefndar	0	375.000

Skýringar, framhald

3. ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	2018	2017
Kynningarmál, almannatengsl og auglýsingakostnaður	23.858.473	25.556.854
Húsaleiga	3.111.508	3.038.643
Annar húsnæðiskostnaður	643.749	641.360
Pappír, prentun, ritföng	1.334.115	1.205.613
Símakostnaður	279.113	463.833
Burðargjöld	161.718	145.532
Bækur, blöð, tímarit og fjölmiðlavakt	956.036	1.006.124
Aðkeypt þjónusta frá Greiðslustofu lífeyrissjóða	6.626.142	6.204.388
Aðkeypt þjónusta lögfræðinga	555.102	161.200
Aðkeypt þjónusta endurskoðenda	987.071	1.357.738
Aðkeypt þjónusta tryggingafræðinga	0	532.430
Önnur aðkeypt þjónusta	0	1.264.781
Ferðakostnaður	1.568.703	1.267.229
Fundir, ráðstefnur, risna og námskeið	7.254.343	6.239.024
Félagsgjöld	1.590.931	1.488.406
Viðhald og gjaldfærð áhöld og tæki	416.073	33.050
Starfsmannakostnaður	544.783	1.093.089
Annar kostnaður	104.416	74.343
Annar rekstrarkostnaður samtals	49.992.276	51.773.637

| Skýringar, framhald

4. ÁHÆTTUFJÁRMUNIR

Félagið á 7,5% eignarhlut í Eignarhaldsfélagi lífeyrissjóða hf.

5. EIGIÐ FÉ

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2018	24.416.897	74.278.946	98.695.843
Hagnaður ársins		5.274.470	5.274.470
Eigið fé 31.12.2018	24.416.897	79.553.416	103.970.313



LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA